CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radíóamatörar

3. tbl. 51. árgangur júní 2019

Fjarskiptaherbergi TF3IRA 9. maí 2019. Erik Finskas TF3EY/OH2LAK tekur fyrsta SSB QSO frá TF3IRA (og frá TF) um nýja Es'hail/Oscar 100 gervitunglið. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

MEÐAL EFNIS:

- *Félagsstarfið*
- *Páskaleikarnir 2019, úrslit*
- *QSL kort TF3SF frá 1948–1951*
- *Es'hail-2/P4A Oscar 100 gervitunglið*
- *Málefni radíóamatöra á alþjóðavettvangi*
- *40 ára afmæli TF útileikanna*

Á DÖFINNI:

- *VHF leikar ÍRA 2019; 13.–14. júlí*
- *TF útileikarnir 3.–5. ágúst*
- *Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 17.–18. ágúst*
- *Nýtt kynningarefni um amatörradíó*
- *Skilafrestur efnis í næsta CQ TF er 15. september 2019*
- *Ný vetrardagskrá í október*

Félagið Íslenskir radíóamatörar

Félagið Íslenskir radíóamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radíóamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Póst og fjarskiptastofnun um málefni radíóamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radíóamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norrænna landsfélaga, NRAU.

Félagið er með opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33''N, 21°56'58''V. „Maidenhead grid" staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2019-2020 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Óskar Sverrisson	TF3DC
Ritari:	Georg Magnússon	TF2LL
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til Í.R.A. og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radíóamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radíóamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radíóamatörstöðva".

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2019–2020 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru mars, júní og september 2019 og janúar 2020.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður CQ TF er Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra · · · · · · · · · · · · · · · **3**
Frá formanni... · · · · · · · · · · · · · **4**
Félagsstarfið í Skeljanesi · · · · · · · · · **6**
Páskaleikar 2019 · · · · · · · · · · · · **19**
QSL kort TF3SF frá 1948–1951 · · · · · **21**
Es'hail-2/P4A – OSCAR 100 · · · · · · **23**
Rússneska spætan · · · · · · · · · · · **24**
Utanáliggjandi lyklaborð, hnappabox · · **25**
Málefni radíóamatöra á alþjóðavettvangi · **28**
Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2019/20 · · · **34**
TF útileikarnir 40 ára; 1979–2019 · · · · **36**
TF útileikarnir 2019 · · · · · · · · · · **37**
Vita- og vitaskipahelgin 17.–18. ágúst 2019 **39**
ÍRA; starfstímbilið 2019/20 · · · · · · · **40**
Helstu DX keppnir 2019; ágúst-október · · **44**
DXCC heildarstaða TF stöðva 6. júní 2019 **45**

Hvað er amatör radíó?

Radíóamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni" og „amatör".

Radíóamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radíó á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radíóamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmíðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarafhlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öfluga senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radíóamatöra.

Radíóamatörar hafa hannað og smíðað gevihnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radíósendingar til fjarlægra heimshluta. Þekking radíóamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar

Frá ritstjóra

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB

Það er ávallt viðburður þegar nýtt rit CQ TF fer úr höndum ritstjóra og efnið flyst til umbrotsmanns. Þá þegar er farið að huga að næsta blaði og jafnvel næstu blöðum. Undirritaður ræddi það nokkrum sinnum á liðnu starfsári við formann, hvort ástæða væri til að huga að fjölgun tölublaða úr fjórum í fimm þannig að á móti kæmi að hvert blað yrði færri blaðsíður. Málið var e.t.v. rætt hvað mest um það leyti sem 1. tbl. 2019 kom út, þann 25. janúar s.l., en það varð 70 blaðsíður að stærð. Ekki svo að skilja að blaðsíðufjöldi skipti svo miklu máli þar eð blaðið er jú gefið út á PDF-formi á heimasíðu félagsins.

Skýring á þessu „stóra“ blaði lá reyndar fyrir. Hún var annarsvegar sú, að tíminn á milli tölublaða varð tæpir 4 mánuðir og mikið hafði gerst í félagsstarfinu á þessum tíma. Þetta gerði það að verkum að umfjöllun um félagsstarfið varð 23 blaðsíður með fjölda ljósmynda en hafði mest náð 10 blaðsíðum í fyrri blöðum. Í annan stað, var efni sem þurfti að koma á framfæri þar eð sumt hafði beðið birtingar (af ýmsum ástæðum) í jafnvel tvö tölublöð. Í ljósi þessa féllu umræður mikið til niður um stærð hvers tölublaðs að öðru leyti en því, að menn voru sammála um að e.t.v. væri stærðin í kringum 40 blaðsíður eitthvað sem hafa ætti í huga við skipulag og uppsetningu hvers blaðs.

Úti í hinum stóra heimi eru líka gefin út félagsrit hjá landsfélögum radíóamatöra, sum mánaðarlega. Helsti munurinn á þeim blöðum og CQ TF er sá að í annarra félaga blöðum eru birtar auglýsingar, sem kunnugir segja mér að geti oft þakið meiri blaðsíðufjölda heldur en efnið sjálft. Sé það rétt, þurfum við ekkert að hafa áhyggjur af 40 blaðsíðna blaði (þ.e. án auglýsinga) sem þá er samanburðarhæft við blöð erlendis sem jafnvel eru 80 blaðsíður að stærð (að meðtöldum auglýsingasíðum). Vissulega er ólíku saman að jafna en þessi samanburður gefur þó vísbendingu um stöðuna.

En úr einu í annað. Átti þess kost að sækja ágætt erindi Ágústs H. Bjarnasonar, TF3OM, í Skeljanesi síðla marsmánaðar. Gústi kom vel undirbúinn með vandaðar glærur og skemmtilegar, allt frá því hann byrjaði í loftinu 1964. Merkilegt hve mikið hann á enn í fórum sínum af tækjum og búnaði sem hann hefur smíðað í gegnum árin. Hann sagði vel frá árunum þegar félagið hafði aðstöðu að Fríkirkjuvegi 11, þ.á.m. af refaveiðum sem undirrituðum eru enn ferskar í minni, enda afskaplega skemmtilegir viðburðir. Athafnasamir menn ættu að gaumgæfa hvort ekki er kominn tími til að endurvekja refaveiðar. Að vísu rekur mig minni til að radióskátar hafi haldið refaveiðar endrum og sinnum í gengum árin, en hef ekki yfirlit yfir það.

Mér er ofarlega í huga það sem ég skrifaði í ritstjóradálk í 1. tölublað CQ TF 2018, sem var eitthvað á þessa leið: „Það er ætíð vandasamt að koma að útgáfu félagsblaðs. CQ TF er þar engin undantekning – en er þó á vissa hátt sér á báti í mínum huga þar sem það fjallar um áhugamál sem er mér kært. Það er von mín að félagsmenn láti efni af hendi rakna og hiki ekki við að hafa samband ef spurningar vakna“.

Þessi texti er enn í fullu gildi. Fyrirhugað er að næsta blað komi út þann 29. september n.k. Frestur til að skila efni verður til 15. september n.k.

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB,
ritstjóri CQ TF.

Ágúst H. Bjarnason TF3OM á DBS hjólinu við refaveiðar, ca. 1965. Með honum á myndinni er Sveinn Guðmundsson TF3SG. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB

Mér varð hugsað til þess þegar ég settist niður við tölvuna til að skrifa þennan inngang hve margt ánægjulegt er að gerast þessa dagana í félagsstarfinu hjá okkur annarsvegar, og almennt í áhugamálinu úti í hinum stóra heimi, hinsvegar.

Ekki er langt um liðið frá einhverjum fjölmennasta aðalfundi í sögu félagins sem haldinn var fyrir fjórum mánuðum (í febrúar 2019) og sem veitti nýrri stjórn ÍRA eitthvert besta brautargengi sem hugsast getur inn í nýtt starfsár.

Þá hefur félagsstarfið gengið fljúgandi vel enda þátttaka og stuðningur félagsmanna eins og best verður á kosið. Gott dæmi um þetta er erindi Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX, sem hlaut metaðsókn og fyllti húsið með erindi sínu „Radíótækni í árdaga“ þann 4. apríl s.l. Vilhjálmur fór yfir söguna (með dæmum) um hvernig frumherjarnir smíðuðu senda og viðtæki áður en lampar og transistorar voru fundnir upp. Upphaflegu radíótækin voru nefnilega vélræn (mekanísk) í grunninn, fremur en byggð á rafeindatækni á tímum þegar neistasendar voru alls ráðandi.

Erindið var vandað, forvitnilegt, skemmtilegt og afar vel flutt. Vilhjálmur sló á létta strengi á milli þess sem hann skýrði frá tækninni, dreifði á meðal okkar tæknibókum og sýnishornum af ýmsu tagi. Rúsínan í pylsuendanum var síðan þegar hann ræsti og lyklaði raunverulegan neistasendi og leyfði viðstöddum að sjá neistann og síðar – að hlusta á neistann í viðtæki.

„Arduino“ námskeið Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS, sem haldið var í Skeljanesi tveimur dögum síðar (laugardaginn 6. apríl) var ekki síður vel heppnað og komust færri að en vildu. Námskeiðið er nýjung í félagsstarfinu og var um að ræða grunnnámskeið með Arduino örtölvur í formi sýnikennslu og verkefna fyrir byrjendur. Miðað var við að þátttakendur kæmu með eigin Arduino örtölvur (og fartölvur) á staðinn til að vinna hagnýt verkefni sem nýtast í amatör radíói undir stjórn leiðbeinanda.

„Þetta gekk fullkomlega upp“ var umsögn Vilhjálms Í. Sigurjónssonar, TF3VS, leiðbeinanda. Miðað við fjölmargar fyrirspurnir er ljóst, að það þarf að fara þess á leit við hann að endurtaka námskeiðið og að það verði í boði vetrardagskrá félagsins.

Önnur nýjung á vetrardagskrá (sem fyrst var í boði í nóvember), „Fyrstu skrefin, farið í loftið með leiðbeinanda“ var á ný í boði fyrir páskana 2019. Fullbókað var einnig á það námskeiðið og ánægja mikil meðal þátttakenda með fyrirkomulag hjá Óskari Sverrissyni, TF3DC, leiðbeinanda. Ljóst er, að þetta námskeið hefur unnið sér sess í félagsstarfi ÍRA. Sem „afsprengi“ hefur eftirspurn vaknað í sambandi við

Rétt tæplega 40 félagsmenn og gestir sóttu erindi Vilhjálms Þórs Kjartanssonar TF3DX í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi þann 4. apríl. Síðasti hluti þess fór fram á fundarborðinu í austurhluta salarins. Þar upplýsti Vilhjálmur m.a. hvers vegna neistasendar hafa verið bannaðir áratugum saman. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

þessi námskeið um „einkatíma“ með leiðbeinanda og ætlar Óskar að skoðað það þegar kemur að samsetningu dagskrár komandi vetrar.

Ánægjulegt er jafnframt að fjalla um embætti ungmennafulltrúa félagsins, sem er nánast nýtt af nálinni og hlaut fyrst skipan undir lok síðasta árs (2018). Það er Elín Sigurðardóttur, TF2EQ, sem annast verkefnið og er þegar komin af stað við að móta starfið. Sem dæmi sótti hún Norðurlandamót ungra radíóamatöra, Nordics on The Air, sem var haldið páskahelgina 19.-22. apríl í Salo í Finnlandi. Henni til aðstoðar er Árni Freyr Rúnarsson, TF8RN, sem skipaður var aðstoðarverkefnisstjóri YOTA verkefnisins og vinnur henni við hlið að ungmennamálum félagsins. Stjórn ÍRA þakkar þeim báðum gott framlag og væntir mikils af þeim í framtíðinni.

Og fleiri voru á ferðalagi um páskaleytið, því Kristján Benediktsson, TF3KB, IARU/NRAU tengiliður félagsins, sótti svokallaðan millifund fyrir félagið í IARU Svæði 1 sem haldinn var í Austurríki dagana 27.-28. apríl. Málið er, að IARU Svæði 1 heldur ráðstefnur á þriggja ára fresti, en árið á milli er hist á svokölluðum „interim“ fundi eða millifundi í borginni Vín í Austurríki. Eftir því sem næst verður komist er þetta í fyrsta skipti sem fulltrúi ÍRA situr þennan fund. Kristján segir sjálfur frá fundinum annars staðar í blaðinu, en stjórn ÍRA þakkar honum fyrir að sækja fundinn, sem var án kostnaðar fyrir félagssjóð.

Það er ætíð sérstakt þegar höfð eru sambönd um nýja gervihnetti. Fyrstu QSO‘in voru einmitt höfð frá landinu þann 9. maí s.l. frá TF3IRA í gegnum Es‘Hail-2/P4A OSCAR 100 gervitunglið. Það voru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, VHF stjóri ÍRA og Erik Finskas TF3EY (OH2LAK), sem settu upp búnað og gerðu tilraunir í gegnum nýja tunglið í fjarskiptaherbergi félagsins. Alls náðust 13 QSO á SSB frá TF3IRA þetta kvöld. Fyrsta sambandið var við IT9CJC á Sikiley kl. 20:40 GMT. Glæsilegur árangur hjá þeim Ara og Erik. Stefnt er að því að varanlegur búnaður til fjarskipta frá TF3IRA um nýja tunglið verði settur upp í sumar. Bestu þakkir til þeirra fyrir þá miklu vinnu sem liggur að baki þessum árangri.

Þess má geta til gamans og fróðleiks, að rúmlega 43 árum fyrr, þann 29. desember 1976 kl. 16:42, hafði Kristján Benediktsson, TF3KB, samband frá TF3IRA við SM4FGN á SSB í gegnum OSCAR 6 gervitunglið. Eftir því sem best er vitað, var það í fyrsta skipti, sem íslensk amatörstöð hafði talsamband gegnum gervitungl. Heimild: CQ TF, 3. tbl. 1975.

Á þessu ári eiga TF útileikarnir 40 ára afmæli, en þeir komu fyrst til sögunnar árið 1979. Inni í blaðinu er stutt samantekt um þá, auk þess sem endurprentuð er upphaflega kynningin úr Fréttabréfi ÍRA frá árinu 1979 þegar reglurnar voru kynntar. Eins og sjá má þegar menn lesa upphaflegur reglurnar, þá hafa þær töluvert mikið breyst á þessum fjórum áratugum.

Í tilefni afmælisins verða verðlaun til þeirra sem ná bestum árangri í þremur fyrstu sætunum glæsileg, eða veglegir verðlaunabikarar og skrautrituð verðlaunaskjöl fyrir þá sem verða í 4.-5. sæti. Það er ósk mín að sem flestir félagsmenn taki þátt í TF útileikunum um verslunarmannahelgina.

Ég vil að lokum óska félagsmönnum og fjölskyldum þeirra góðs og heillaríks sumars.

73, Jónas Bjarnason, TF3JB,
formaður ÍRA.

Mynd af hópnum sem sótti Norðurlandamót ungra radíóamatöra „Nordics on The Air 2019“ sem haldið var páskahelgina 19.-22. apríl s.l. í Salo í Finnlandi. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA er áttunda í miðjuröð (séð frá hægri). Ljósmynd: SRAL.

Félagsstarfið í Skeljanesi

Jónas Bjarnason, TF3JB

Þegar þetta er skrifað þann 16. júní eru liðnir tveir og hálfur mánuður frá útkomu síðasta félagsblaðs þann 31. mars 2019. Margt áhugavert hefur gerst í félagsstarfinu á þessum tíma og verður haldið áfram skrifum um starfið í dagbókarformi þar sem frá var horfið í marsmánuði.

20. mars – Innsending efnis í CQ TF

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri sendi erindi til félagsmanna á heimasíðu félagsins og FB síðum þann 9. mars þar sem hann vakti athygli á að skilafrestur efnis í CQ TF væri 20. mars. Ritstjóri orðaði það þannig að allt efni um áhugamálið er vel þegið í blaðið – frásagnir, ljósmyndir, eða jafnvel aðeins punktar og ábendingar um efni sem vinna má úr. Útkoman varð prýðileg og endaði CQ TF í 40 blaðsíðum að þessu sinni.



QSL kort TF3SB ritstjóra CQ TF.

23. mars – Hraðnámskeið

Síðari hluti hraðnámskeiðsins „Fyrstu skrefin, farið í loftið með leiðbeinanda“ var haldið laugardaginn 23. mars. Fyrri hlutinn var haldinn viku fyrr, 16. mars. Námskeiðið var fullbókað, en miðað er við mest fjóra þátttakendur hverju sinni til að það nýtist sem best.

Skeljanesi 23. mars. Þátttakendur bíða þess að allir mæti. Frá vinstri: TF3DC, TF3RL, TF3MH (gestur) og TF3NA (snýr baki í myndavél). Ljósmynd: TF3JB.

Að sögn Óskars Sverrissonar, TF3DC, leiðbeinanda, er til skoðunar að námskeiðið verði aftur í boði á ný í vor (jafnvel oftar en einu sinni), þar sem áhugi er mikill á meðal félagsmanna. Óskar nefndi, að hann hafi orðið var við eftirspurn eftir að fá „einkatíma“ með leiðbeinanda. Hann sagðist vera að skoða það mál.

28. mars – Erindi TF1A og TF3EY

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Erik Finskas, TF3EY (OH2LAK) mættu í Skeljanes 28. mars og fluttu erindi um endurvarpa og DMR stöðvar.

Skeljanesi 28. mars. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A flutti erindi um endurvarpa. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Ari hefur góða þekkingu á umfjöllunarefninu og veitti okkur áhugaverða innsýn í þennan tækniheim sem gerir okkur kleift að nota VHF/UHF stöðvar til sambanda yfir langar vegalengdir innanlands. Hann útskýrði vel hvernig samtenging endurvarpa á VHF og UHF gerir leyfishöfum kleift að hafa „krossband“ sambönd sem eykur mjög notagildi og útbreiðslu, t.d. þegar notaðar eru handstöðvar (jafnvel) búnar mjög litlu afli. Ari kynnti þá 5 VHF endurvarpa og 2 UHF endurvarpa sem eru í rekstri hérlendis. Þeir eru allir nema einn fyrir FM mótun, en einn notar stafræna tegund útgeislunar (D-STAR). Eftir kaffihlé tók Erik Finskas, TF3EY (OH2LAK) við og flutti áhugavert

Erik Finskas TF3EY (OH2LAK) flutti erindi um DMR fjarskipti. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

erindi um DMR (*e. Digital Mobile Radio*), sem rutt hefur sér til rúms síðustu ár, en yfir 3000 DMR endurvarpar hafa þegar verið settir upp fyrir radíóamatöra í 50 þjóðlöndum. Erindi Eriks má skoða í heild á vefslóðinni: http://dy.fi/vof

Stjórn ÍRA þakkar þeim Ara og Erik fyrir áhugaverð erindi. Þrátt fyrir snjófjúk og vindasamt veður, mættu 27 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld.

31. mars – Erindi TF3JB um DX sambönd

Jónas Bjarnason, TF3JB, mætti í sófaumræður sunnudaginn 31. mars kl. 10:30 með erindið: „DX sambönd og hvernig best og fljótvirkast er staðið að öflun QSL korta“.



Skeljanesi 31. mars. Jónas Bjarnason TF3JB flutti erindi um DX og QSL kort á sófasunnudegi. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

Fyrst var farið yfir nokkrar glærur í myndvarpanum, m.a. (1) hvers vegna við notum QSL kort; (2) hvar menn „ná“ DX‘inum helst; (3) mikilvægi þess að QSO sé örugglega í logg; (4) hvaða aðferðum má beita til að fá QSL kort fljótt; (5) umfjöllun um eigið QSL kort; og (6) umfjöllun um að erfiðara getur verið að fá QSL kort frá sumum löndum en öðrum og fleira.

TF3JB og TF3KB ræða DX‘inn á sófasunnudegi. Kristján er ekki QRV á böndunum um þessar mundir en ætíð verið áhugasamur um fjarskiptin, loftnet og útbreiðslu radíóbylgna, sbr. fjölmargar greinar hans í CQ TF í gegnum árin. Ljósm.: Wilhelm Sigurðsson TF3AWS.

Í sófasettinu var síðan rætt um hinar ýmsu aðferðir sem hægt er að beita til að ná þeim „feita“ og rætt um DX‘inn út frá QSO’um við einstaklinga, klúbbstöðvar og DX-leiðangra. Fjallað var um „direct“ kort, „QSL manager“, OQRS aðferðina og kosti þess að gerast styrktaraðili DX-leiðangra.

Alls mættu 10 félagar og 1 gestur þennan veðurmilda sunnudagsmorgun í Skeljanes. Umræðum lauk formlega upp úr kl. 12:30 en umfjöllunarefnið var „heitt“ þannig að síðustu menn ræddu málin áfram fram undir kl. 14. TF3JB fékk að lokum gott klapp og var hvattur til að gera grein fyrir umfjöllunarefninu í CQ TF.

Um sunnudagsopnanir.

Sunnudagsopnanir hafa verið skýrðar á þann veg að um sé að ræða fyrirkomulag menntandi umræðu á messutíma sem er hugsuð afslöppuð, þ.e. þar sem menn sitja með kaffibolla í sófasettinu og ræða amatör radíó. Tiltekinn leyfishafi sem hefur staðgóða þekkingu á viðkomandi umræðuefni leiðir umfjöllun og svarar spurningum.

31. mars – Nýtt tölublað CQ TF

Nýtt tölublað CQ TF, 2. tbl. 2019 kom út sunnudaginn 31. mars. Blaðið var að þessu sinni 40 blaðsíður að stærð. Meðal efnis (auk greina frá ritstjóra og frá formanni): Myndir úr fjarskiptaherbergi TF3IRA á Vesturgötu 68 ásamt stuttri samantekt; frásögn af SYLRA ráðstefnunni 2019 sem haldin verður í Noregi; frásögn af félagsstarfi ÍRA frá útkomu síðasta tölublaðs; Fundargerð aðalfundar þann 16. febrúar 2019, Skýrsla formanns Prófnefndar til aðalfundar ÍRA 2019 og Ársreikningur ÍRA fyrir almanaksárið 2018; grein um kaup á nýrri amatörstöð vorið 2019; grein um DXCC „Challenge“ viðurkenningu TF5B; grein um endurvarpa, stafvarpa og radíóvita; stutt grein með ljósmynd sem tekin var í félagsaðstöðu ÍRA í Dugguvogi ca. 1978-86.

Fundargerðir stjórnar starfsárið 2018/19: Fyrst frá 6. fundi, haldinn 13.11.2018; þá frá 7. fundi, haldinn 16.1.2019 og loks frá 8. fundi, stjórnarskiptafundi, sem var haldinn 26.2.2019. Grein með fróðleikspunktum um CQ TF frá upphafi; samantekt um helstu DX keppnir tímabilið janúar-júlí 2019; kynning á Alþjóðadegi Radíóamatöra þan 18. apríl 2019 og samantektartafla um DXCC stöðu TF stöðva miðað við 22. mars 2019.

4. apríl – Erindi TF3DX um radíótækni í árdaga

Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, mætti í Skeljanes 4. apríl með erindið „Radíótækni í árdaga“.

Skeljanesi 4. apríl. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX flutti erindi um "Radíótækni í árdaga". Ljósm. TF3KB.

Hann fór yfir söguna (með dæmum) um hvernig frumherjarnir smíðuðu senda og viðtæki áður en lampar og transistorar voru fundnir upp. Upphaflegu radíótækin voru nefnilega vélræn (mekanísk) í grunninn, fremur en byggð á rafeindatækni á tímum þegar neistasendar voru alls ráðandi.

Frá vinstri (fremst): Elín Sigurðardóttir TF2EQ, Yngvi Harðarson TF3Y, Georg Magnússon TF2LL, Guðrún Hannesdóttir TF3GD, Þórarinn Benedikz TF3TZ, Ágúst H. Bjarnason TF3OM, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Ágúst Úlfar Sigurðsson TF3AU, Bjarni Sverrisson TF3GB, Ólafur Arason, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Sigurður Smári Hreinsson TF8SM, Þórður Adolfsson TF3DT, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Sigurður Harðarson TF3WS, Kolbeinn Ingólfsson, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Bernhard M. Svavarsson TF3BS og Óskar Sverrisson TF3DC. Ljósm.: TF3KB.

Frá vinstri (aftast): Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Sigurður Harðarson TF3WS, Bernhard M. Svavarsson TF3BS, Kolbeinn Ingólfsson, Ágúst Úlfar Sigurðsson TF3AU, Bjarni Sverrisson TF3GB, Ársæll Óskarsson TF3AO, Ólafur Arason, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Sigurður Smári Hreinsson TF8SM. Uppi í fundarsal (til hægri): Mathías Hagvaag TF3MH, Ómar Magnússon TF3WZ, tveir gestir og Jón Björnsson TF3PW. Ljósm.: TF3KB.

Erindið var vandað, forvitnilegt, skemmtilegt og afar vel flutt. Villi sló á létta strengi á milli þess sem hann skýrði frá tækninni, dreifði á meðal viðstaddra tæknibókum og sýnishornum af ýmsu tagi. Rúsínan í pylsuendanum var síðan þegar hann ræsti raunverulegan neistasendi og leyfði viðstöddum að sjá neistann og síðar, að hlusta á neistann í viðtæki.

Vilhjálmur, TF3DX, útskýrir m.a. að hvers vegna neistasendar hafa verið bannaðir áratugum saman. Einnig í mynd: Sigurður Harðarson TF3WS. Ljósm.: Kristján Benediktsson TF3KB.

Það var góð mæting í Skeljanes þetta fallega síðvetrarkvöld í borginni, eða alls 36 manns. Þar af voru 4 gestir. Villi uppskar verðskuldað lófaklapp að lokum. Bestu þakkir til Vilhjálms Þórs, TF3DX.

6. apríl – Námskeið TF3VS um Arduino

ÍRA gekkst fyrir nýjung í félagsstarfinu í Skeljanesi laugardaginn 6. apríl. Um er að ræða grunnnámskeið um Arduino örtölvur í formi sýnikennslu og verkefna fyrir byrjendur. Leiðbeinandi var Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS.

Frá vinstri: Kristján Benediktsson TF3KB, Yngvi Harðarson TF3Y, Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG, Ársæll Óskarsson TF3AO, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Mathías Hagvaag TF3MH. Með bak í myndavél: Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Reynir Björnsson TF3JL og Jón Björnsson TF3PW. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Fullbókað var á námskeiðið, miðað við mest sex þátttakendur en átta voru mættir. Mikil ánægja var með námskeiðið, sbr. umsögn Yngva Harðarsonar, TF3Y, á Facebook: „Fræðandi og skemmtilegt. Vel

heppnað hjá Villa. Mæli eindregið með þessu námskeiði! Sparkar vel í gang“. Námskeiðið var í fjórar klukkustundir; hófst kl. 10 árdegis og var lokið skömmu fyrir kl. 14.

Skeljanesi 6. apríl. Frá vinstri: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Mathías Hagvaag TF3MH, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Reynir Björnsson TF3JL og Jón Björnsson TF3PW. Með bak í myndavél (frá vinstri): Ársæll Óskarsson TF3AO, Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG, Yngvi Harðarson TF3Y og Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmynd: TF3JB.

10. apríl – Fundað um CQ TF

Formaður TF3JB, ritstjóri TF3SB og umbrotsmaður TF3VS áttu hádegisfund í Skeljanesi þann 10. apríl. Til umfjöllunar voru einkum tæknileg úrlausnarefni við gerð CQ TF, svo sem uppröðun efnis, lengd greina og efni sem bíður birtingar. Fram kom m.a. að vel lítur út með útgáfu næstu blaða samkvæmt útgáfuáætlun.

Tölublað	Auglýst eftir efni	Útkomudagur	Tími á milli tölublaða
2. tbl. 2019	17. mars	31. mars	66 dagar
3. tbl. 2019	16. júní	30. júní	91 dagur
4. tbl. 2019	15. sept.	29. sept.	91 dagur
1. tbl. 2020	5. janúar	19. janúar	126 dagar

Útgáfuáætlun CQ TF starfsárið 2019/20

Til umræðu kom sú hugmynd, að auka útgáfutíðni CQ TF úr 4 blöðum á ári í 6 blöð. Að svo komnu máli var ákveðið að fresta að gera tillögu þess efnis til stjórnar félagsins.

11. apríl – Ferðasaga TF8KY og páskaleikar

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, mætti í Skeljanes 11. apríl og sagði okkur ferðasögu frá DX-leiðangri til Seychelles sumarið 2016. Eftir kaffihlé, fór hann síðan yfir og kynnti reglur Páskaleikanna 2019.

Keli sagðist hafa verið tiltölulega reynslulítill í DX og keppnum þegar honum var boðið að taka þátt í

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY sagði ferðasögu frá S79V leiðangrinum. Aðrir á mynd frá vinstri: Benedikt Sveinsson TF3T, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS. Bak í myndavél: Höskuldur Elíasson TF3RF, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN og Óskar Sverrisson TF3DC. Ljósm.: Kristján Benediktsson TF3KB.

S79V leiðangrinum 1.-10. júlí 2016. Hann sýndi myndir og myndbönd úr ferðinni, lýsti m.a. undirbúningi og uppsetningu einsbands VDA loftneta og skýrði smíði þeirra og virkni. Hann sagði ferðina vel heppnaða og lærdómsríka, en höfð voru yfir 20 þúsund QSO. Ferðafélagar voru þeir Paul A65DR, Joel A65BX, Martin A65DC, Gerald A65CB og Obaid A61DJ.

Frá vinstri (fremst): Óskar Sverrisson TF3DC, Höskuldur Elíasson TF3RF, Einar Kjartansson TF3EK, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Benedikt Sveinsson TF3T, Þórður Adolfsson TF3DT, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Jón Björnsson TF3PW og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósm.: Kristján Benediktsson TF3KB.

Eftir kaffihlé var farið yfir Páskaleika ÍRA 2019. Keli fór yfir „logg-viðmót“ og virkni, rifjaði upp reynslu fyrra árs leika, fór yfir tíðnisvið og reglur leikanna. Fjörlegar umræður urðu um reglurnar og skipst á skoðunum. Reglur og leikjavefur voru í framhaldi uppfærðar á heimasíðu félagsins.

Erindi Kela var áhugavert og vel flutt. Hann svaraði spurningum greiðlega í líflegum umræðum. Að lokum fékk Hrafnkell verðskuldað klapp og þakkir viðstaddra. Menn ræddu málin síðan áfram allt fram undir kl. 23. Alls mættu 19 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld.

11. apríl - Es'hail 2 / Qatar Oscar 100

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Erik Finskas TF3EY/OH2LAK settu upp búnað til móttöku á merkjum frá Es'hail-2 Oscar 100 gervitunglinu í fjarskiptaherbergi ÍRA í Skeljanesi þann 11. apríl. Erik lánaði búnaðinn, sem var settur upp til bráðabirgða í þetta eina skipti (samanber meðfylgjandi ljósmyndir); eða nánast LNB'ið eitt. Tilraunin gekk að óskum og komu merkin vel læsileg inn. Erik sendi ennfremur morsmerki á gervitunglið til prufu sem tókst ótrúlega vel. Hugmyndin er að TF3IRA verði QRV gegnum Oscar 100.



Myndirnar sýna búnaðinn sem var notaður í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi 11. apríl. Ljósmyndir: Erik Finskas, TF3EY/OH2LAK.

Amatörhluti „Es'hail-2/P4A" gervitunglsins var þróaður og byggður af landsfélagi radíóamatöra í Katar (QARS) og Es'hailSat fjarskiptafyrirtækinu þar í landi, með aðkomu AMSAT-DL deildar radíóamatöra í Þýskalandi. Verkefni QARS byggir á boði Es'hailSat fyrirtækisins um að setja tvö „Phase 4" svartæki (*e. transponders*) frítt um borð í tunglið.

Es'hail 2 / Oscar 100 er fyrsta amatörgervitunglið á staðbraut (*e. geostationary*) sem þýðir að það þarf engan stýribúnað því stefnan er alltaf sú sama, sem einfaldar mjög uppsetningu búnaðar. Að sama skapi eru móttöku- og senditíðnir alltaf þær sömu.

„Phase 4" svartækin vinna á 2400 MHz og 10450 MHz. Hliðrænt svartæki (*e. linear transponder*) sem hefur 250 kHz bandbreidd er til nota fyrir hefðbundin hliðræn fjarskipti. Annað svartæki er til nota sem hefur 8 MHz bandbreidd fyrir tilraunir, m.a. fyrir fjarskipti með stafrænum tegundum útgeislunar og DVB sjónvarpssendingar radíóamatöra.

Es'hail-2 sem skotið var á loft frá bækistöð NASA á Cape Canaveral höfða í Bandaríkjunum þann 15. nóvember 2018. Tunglið sjálft vegur alls um 3 tonn. Opinberlega var opnað fyrir tilraunir radíóamatöra til fjarskipta um tunglið þann 14. febrúar s.l.

15. apríl – Ný verðskrá ÍRA QSL Bureau

Mathías Hagvaag, TF3MH, QSL stjóri ÍRA QSL Bureau, tilkynnti á aðalfundi félagsins í febrúar s.l. um að hækkun væri fyrirhuguð á gjaldskrá stofunnar.

Mathías Hagvaag TF3MH QSL stjóri TF ÍRA QSL Bureau vinnur við flokkun QSL korta í Skeljanesi sumarið 2018. Honum til aðstoðar eru þeir Brynjólfur Jónsson TF5B og Gísli Gissur Ófeigsson TF3G. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Forsendur voru skoðaðar eftir fundinn og hækkaði sendingarkostnaður fyrir hvert QSL kort í gegnum stofuna frá *15. apríl 2019* úr 9,50 í 10,00 krónur. Hækkun nemur 5,3%, en þess má geta, að gjaldskrá hefur verið óbreytt í yfir 7 ár eða frá 4. febrúar 2012.

16. apríl – Festing fyrir Hustler

Georg Magnússon, TF2LL, mætti í Skeljanes 16. apríl með sérsmíðaða þakfestingu fyrir New-tronics Hustler BTV-6 HF stangarloftnet félagsins. Loftnetið er upphaflega gert fyrir 10, 15, 20, 30, 40 og 80 metra böndin, en svo virðist sem 80 metra spóla með toppi sem gerð er fyrir að skrúfast efst á netið sé týnd þegar þetta er skrifað. Loftnetið kemur í stað SteppIR BigIR stangarnetsins sem féll og skemmdist í óveðrinu um miðjan nóvember (2018).

Festingin er sterkbyggð og er auðvelt fella loftnetið þegar vinna þarf við það. Hún var sandblásin og zinkhúðuð. Á minni myndinni má sjá að aðeins þarf að losa um einn bolta til að fella loftnetið. Ljósmyndir: Georg Magnússon TF2LL.

Hustler 6-BTV loftnetið er 7,3 metrar á hæð og rúm 8 kg. Það er gert fyrir fullt afl, 1kW (CW) á öllum böndum. Það verður stagað á tveimur hæðum og sett upp þegar veðuraðstæður leyfa. Stjórn félagsins þakkar Georg fyrir vandaða smíði og að ganga frá festingunni á þak skemmunnar.

18. apríl – Aþjóðadagur radíóamatöra



Alþjóðadagur radíóamatöra var fimmtudaginn 18. apríl. Þann mánaðardag árið 1925 voru alþjóðasamtök landsfélaga radíóamatöra – *International Amateur Radio Union, IARU* – stofnuð, fyrir 94 árum. Aðildarfélög IARU voru í upphafi 25 talsins, en eru í dag starfandi í yfir 160 þjóðlöndum heims með yfir 4 milljónir leyfishafa.

IARU skiptist á þrjú svæði í heiminum: Svæði-1 sem nær yfir Evrópu, Afríku, Miðausturlönd og norður hluta Asíu; Svæði-2 sem þekur Norður- og Suður Ameríku og Svæði-3, sem nær yfir Ástralíu, Nýja Sjáland, Kyrrahafseyjar og stærstan hluta Asíu. Tilkynning um alþjóðadaginn var að venju sett á heimasíðu ÍRA með heillaóskum til félagsmanna. Daginn bar að þessu sinni upp á skírdag þannig að félagsaðstaðan í Skeljanesi var lokuð en þegar svo er ekki, er TF3IRA QRV í tilefni dagsins.

18. apríl – QSL kort frá TF3SF

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, kom á framfæri við stjórn félagsins þann 18. apríl, pakka með 54 QSL kortum merktum Sigurði Finnbogasyni, TF3SF (sk). Vilhjálmur sagðist hafa fundið kortin í geymslu á vinnustað sínum í HÍ. Tveir fyrrverandi formenn félagsins hafa unnið á sama stað og taldi hann ekki ólíklegt að annarhvor þeirra hafi móttekið þessi kort fyrir hönd félagsins fyrr á árum en þau hafi af einhverjum ástæðum dagað uppi þar á staðnum.

Ljósmynd af pakkningunni frá ARRL, kortabunkanum sjálfum og A4 blaði þar sem QSL kortin fyrir sambönd sem voru höfð fyrir 70 árum eru sett upp í stafrófsröð eftir forskeytum kallmerkja. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Um er að ræða 54 QSL kort í pakkningu frá ARRL, sem hafa verið endursend til landsins eftir skoðun í Bandaríkjunum. Kortin eru fyrir sambönd sem Sigurður heitinn hafði fyrir rúmlega 70 árum, eða á tímabilinu 1948-1951. Þau eru vel varðveitt, voru pökkuð í plast og pakkningin heilleg. Vilhjálmur taldi líklegt að pakkinn hafi lent í bleytu, en frágangur kortanna hafi verndað þau fyrir skemmdum.

Ljóst er að Sigurður heitinn hefur sent kortin vestur um haf á sínum tíma til uppfærslu á DXCC stöðu. Kortin verða varðveitt hjá félaginu. Sjá umfjöllun um kortin og þær upplýsingar sem þau hafa að geyma annarsstaðar í þessu blaði.

19.–22. apríl – NOTA 2019 í Finnlandi

Árlegt Norðurlandamót ungra radíóamatöra, *Nordics on The Air,* var haldið um páskahelgina 19.-22. apríl í Salo í Finnlandi. Ungmennafulltrúi ÍRA, Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, var á staðnum.

Að sögn Elínar, voru þátttakendur 42 talsins frá öllum Norðurlöndunum (utan Danmörku), auk gesta frá öðrum Evrópulöndum. Hún nefnir, að dagskrá SRAL (finnska landsfélagsins) hafi verið mjög vönduð og vel að öllu staðið, bæði í gistingu og mat. Hún tók þátt í mörgum viðburðum, m.a. í refaveiðunum og starfrækslu sameiginlegrar stöðvar, OH2YOTA. Hún var ekki viss um að náðst hafi samband við TF enda skilyrði ekki góð. Elín var með þrjú erindi á dagskrá mótsins, auk þess sem hún hafði með sér íslenskt „nammi“ sem var mjög vinsælt (eins og hún orðar það sjálf).

Stjórn ÍRA þakkar Elínu fyrir að takast á hendur ferð til Finnlands og vera fulltrúi félagsins á staðnum.

Elín Sigurðardóttir TF2EQ í loftinu frá TF3IRA. Ljósmynd: TF3JB.

2. maí – Erindi TF2LL um loftnetabúskap

Georg Magnússon, TF2LL, mætti í Skeljanes 2. maí og flutti erindið „Loftnetabúskapur TF2LL í Norðtungu í Borgarfirði“ en loftnetsaðstaða TF2LL er ein sú besta hér á landi á meðal radíóamatöra, auk þess sem fjarskiptatæki og annar búnaður stöðvarinnar er í fremstu röð.

Skeljanesi 2. maí. Georg Magnússon TF2LL flutti erindið „Loftnetabúskapur TF2LL í Norðtungu í Borgarfirði“.

Erindi Georgs var vel flutt, áhugavert, fróðlegt og skemmtilegt. Hann opnaði okkur sýn inn í þann heim sem flestir leyfishafar geta aðeins látið sig dreyma um – en fæstir hafa aðstöðu til að koma sér upp, þ.e. að

Georg Magnússon TF2LL, Heimir Konráðsson TF1EIN og Ársæll Óskarsson TF3AO. Ljósm.: Jónas Bjarnason TF3JB.

setja upp nær 30 metra háan turn og stór og stefnuvirk loftnet. Hann lýsti loftnetasögu TF2LL vel, þ.á.m. leyfisferli hjá opinberum aðilum (byggingarfulltrúa o.fl.) sem var langt og kostnaðarsamt, en það var

Kristján Benediktsson TF3KB og Ágúst H. Bjarnason TF3OM. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

síðan í júní 2010 að verkefnið komst á framkvæmdastig og undirstöður loftnetsturnsins voru steyptar. Eftir endurbætur í kjölfar veðurtjóna árin 2015 og 2016 eru loftnet hans nú orðin nokkuð örugg gagnvart veðrinu (eins og hann segir sjálfur).

Loftnet TF2LL eru frá OptiBeam í Þýskalandi, þ.e. OB 17-4 (40,15,20 og 10m), OB 9-3 (30, 17 og 12m) og OB 5-6 (6m) auk heimasmíðaðra vírneta fyrir 80 og 160m böndin. Erindi Georgs verður til birtingar í heild sinni á heimasíðu ÍRA.

Erindi Georgs var ákaflega fróðlegt og vel flutt og hann svaraði spurningum félagsmanna greiðlega í líflegum umræðum. Að lokum fékk hann verðskuldað klapp og þakkir viðstaddra. Menn ræddu síðan málin allt fram undir kl. 23:30. Alls mættu 27 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta frábæra fimmtudagskvöld.

2. maí – SQ9CNN í Skeljanesi

Rafal Dunal, SQ9CNN, kom í heimsókn í félagsaðstöðuna í Skeljanesi fimmtudagskvöldið 2. maí.

Rafal Dunal SQ9CNN í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

Rafal er búsettur í borginni Bêdzin í Suður-Póllandi, ekki langt frá landamærunum við Þýskaland. Hann er mikill áhugamaður um keppnir, bæði á morsi og tali og er t.d. með eigin keppniskallmerki, SO9C. Rafal er ennfremur hluti af Monteverde keppnishópnum, sem hefur m.a. verið virkur frá Sao Vicente eyju í Cabo Verde eyjaklasanum með kallmerkið D4C. Rafal var mjög ánægður með heimsóknina í Skeljanes. Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður félagsins hafði veg og vanda af að taka á móti honum og var Rafal hrifinn af aðstöðu félagsstöðvarinnar. Óskar kynnti m.a. fyrir honum hugmyndir um framtíðaruppbyggingu loftneta fyrir stöðina. Rafal bað að lokum fyrir góður kveðjur til íslenskra radíóamatöra og sagði að þeir væru mjög góðir „operatorar“.

2. maí – Innkaup fyrir TF3IRA

Sendingar af aukahlutum og loftnetum fyrir félagsstöðina TF3IRA voru teknar upp í Skeljanesi,

Georg TF2LL opnar pakkann með Inrad W1 höfuðtólunum sem hafa fengið mjög góða dóma. Óskar TF3DC opnar fótrofann sem er sömu tegundar. Jón TF3PW fylgist með. Ljósmynd: TF3JB.

síðdegis þann 2. maí. Fyrri sendingin er frá Vibroplex í Bandaríkjunum; 2 stk. sambyggð *Inrad W1* heyrnartól með hljóðnema, sem munu notast fyrir Icom 7300 og 7610 stöðvarnar, sem og fyrir Kenwood TS-2000 stöðina. Með höfuðtólunum fylgdu tveir fótrofar.

Síðari sendingin er frá HyEndCompany í Hollandi; 3 stk. HyEndfedAntennas fyrir 160m, 40 og 80m og 30 og 40m böndin. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum var vörunum pakkað vandlega upp til að ganga úr skugga um að allt fylgdi með (sem það

Óskar TF3DC skoðar spenninn við HyEndfed loftnetið á 160 metrum. TF3PW og TF2LL fylgjast með. Ljósmynd: TF3JB.

gerði). Stefnt er að því að framangreint verði tekið í notkun á næstunni. Heimild fyrir kaupunum var veitt á stjórnarfundi nr. 2/2019. Óskar Sverrisson, TF3DC, annaðist pantanir, en ásamt honum á staðnum voru þeir Jónas Bjarnason, TF3JB, Georg Magnússon TF2LL og Jón Björnsson TF3PW.

4. maí – Laugardagur í Skeljanesi

Kaffispjall á laugardegi var í boði í félagsaðstöðu ÍRA þann 4. maí, frá kl. 13:30. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, mætti á staðinn með nýju Icom IC-9700 stöðina, nýjan FeelElec FY-6800 „signal generator“ og loftnet og mælitæki til móttöku merkja frá nýja Oscar 100 gervitunglinu. Daggeir Pálsson, TF7DHP, mætti einnig á staðinn með nýja Kenwood TS-590SG

Daggeir TF7DHP sýndi okkur nýju Kenwood TS-590SG; 70 ára afmælisútgáfuna. Frá vinstri: Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Jón E. Guðmundsson TF8-Ø2Ø, Mathías Hagvaag TF3MH, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Daggeir Pálsson TF7DHP. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

HF stöð, afmælisútgáfu, þ.e. „Special Edition 70th Anniversary“.

Rætt yfir kaffinu um áhugaverðan „signal generator“ frá Kína. Frá vinstri: Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Þórður Adolfsson TF3DT, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Jón E. Guðmundsson TF8-Ø2Ø, Þorvaldur Bjarnason TF3TB og Mathías Havaag TF3MH. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Sérstakt 40cm diskloftnet var sett á þrífót í salnum (við gluggann) og því beint í austurátt. Og viti menn,

Myndin er af nýju Icom IC-9700 stöðinni. Til skýringar skal þess getið að skjámyndin sem sést á tækinu er aðeins ein af mörgum sem eru í boði. Bandsjáin er t.d. ekki sýnd á þessari mynd. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

40cm diskloftnetið á þrífæti við austurgluggann í salnum. Merki frá Oscar 100 komu ótrúlega vel inn.

ótrúlega gott merki náðist fljótlega frá nýja Oscar 100 gervitunglinu. Viðstaddir fluttu sig næst upp í fjarskiptaherbergi félagsins á efri hæð og þar var nýja IC-9700 stöðin tengd. Hafi einhver verið í vafa áður, þá var svo ekki eftir að búið var að kveikja á tækinu. Hér vinnur saman afar vel heppnuð hönnun á stjórnborði og glæsileg bandsjá sem er ótrúlega þægileg aflestrar. Höfð voru sambönd á FM og SSB á 2 metrum og 70 cm við þá TF3AK, TF2MSN og TF8YY. Viðtaka var skýr og greinileg og allir gáfu umsögn þess efnis að mótun væri skýr og góð frá stöðinni.

Þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A. Jafnframt eru þakkir til Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML, fyrir að lána nýju Icom IC-9700 stöðina og síðast en ekki síst, þakkir til Daggeirs Pálssonar, TF7DHP, fyrir innlitið með nýju TS-590SG afmælisútgáfuna (en ekki er vitað um annað eintak á landinu). Alls mættu 12 félagar og 1 gestur í Skeljanes þennan sumardag í Reykjavík.

9. maí – Erindi TF3NH um gervihnattasamskipti

Njáll Hilmar Hilmarsson, TF3NH, mætti í Skeljanes fimmtudaginn 9. maí og fjallaði um gervihnattasamskipti hjá radíóamatörum og iðnaðinum. Þetta var síðasta erindið á vetrardagskrá ÍRA í febúar-maí.

Skeljanesi 9. maí. Njáll Hilmar Hilmarsson TF3NH flutti erindi um gervihnetti. Á myndinni skoðaði hann Iridium gervitunglið og útskýrði m.a. getu þess til fjarskipta. Ljósmynd: Jónas Bjarnason

Erindi hans var fróðlegt og áhugavert og veitti innsýn í þennan spennandi „heim“ fjarskiptanna sem radíóamatörum stendur til boða og iðnaðurinn notar. Hann fór yfir sendingar frá geimstöðinni (þ.á.m. SSTV), fjallaði um nýja Es'hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið sem er fyrsta amatörgervitunglið á staðbraut (e. geostationary). Hann útskýrði síðan „fótspor“ (e. footprint) fjarskiptahnatta s.s. Intelsat IS-907 sem er mjög sterkur yfir landinu. Njáll fór einnig yfir sérhæfð loftnet, þ.e. föst og mótorstýrð (og upp-

Njáll fór yfir SDR tæknina sem í dag er fáanleg við tiltölulega lágu verði fyrir radíóamatöra, m.a. til viðtöku merkja frá gervitunglum. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

byggingu þeirra) og sýndi okkur m.a. einfalt handloftnet á 2 metrum og 70 sentímetrum frá fyrirtækinu Arrow Antenna sem nota má til fjarskipta um gervitungl og sem nokkrir radíóamatörar hafa notað með góðum árangri hér á landi um árabil. Hann fjallaði að lokum um geimfjarskipti og útskýrði m.a. töp vegna andrúmsloftsins, vegalengdar og seinkun á samskiptum vegna vegalengdar.



Tiltölulega einfalt er að átta sig á töpum vegna vegalengdar í geimnum þegar slíkt er vel útskýrt af þeim sem til þekkir. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Njáll svaraði spurningum viðstaddra greiðlega og voru menn mjög ánægðir með greinargott erindi og hlaut hann gott klapp að lokum. Alls mættu 22 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta sólríka fimmtudagskvöld.

9. maí – Páskaleikar, úrslit og verðlaunaafhending

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, gerði grein fyrir og kynnti úrslit í Páskaleikum ÍRA 2019 í Skeljanesi 9. maí. Leikarnir fóru fram 20.-21. apríl s.l. og var þátttaka góð en 17 leyfishafar skiluðu inn gögnum, af



Skeljanesi 9. maí. Hrafnkell Sigurðsson TF8KY umsjónarmaður páskaleikanna flutti fróðlegan inngang um leikana og helstu úrslit.

20 skráðum. Keppnisreglum var breytt fyrir viðburðinn og sagði Hrafnkell að vænta mætti smávægilegra breytinga fyrir leikana á næsta ári.

Þátttakendur voru ágætlega dreifðir um landið þótt flestir væru á Reykjavíkursvæðinu. Fjöldi sambanda í gagnagrunni var 390 og heildarvegalengd var alls 22.713 km. Leikarnir fóru fram á 2, 4, 6 og 80 metrum og 70 og 23 sentímetra böndunum.

Úrslit voru sem hér segir:

1. Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN, 4.655 stig.
2. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, 3.456 stig.
3. Þórður Adolfsson, TF3DT, 3.249 stig.

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður ÍRA afhenti verðlaunagripi. Sjá samantekt Hrafnkels, TF8KY, um leikana 2019 annars staðar í blaðinu.

Glæsilegir verðlaunagripir í Páskaleikum ÍRA 2019. Þeir voru framleiddir af fyrirtækinu Marko-Merki í Hafnarfirði. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

9. maí - TF3IRA QRV um ES'HAIL-2/P4A

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, VHF stjóri ÍRA og Erik Finskas TF3EY/OH2LAK, settu upp búnað og gerðu tilraunir í gegnum nýja Es'hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið í fjarskiptaherbergi ÍRA þann 9. maí. Til að gera langa sögu stutta, náðust 13 sambönd á SSB frá TF3IRA í gegnum nýja tunglið. Fyrsta sambandið var við IT9CJC á Sikiley þann 9. maí kl. 20:40 GMT. Önnur DXCC lönd voru CT1, DL, EA5, F, G, OZ, PA og PY. Til viðmiðunar má geta þess, að fjarlægðin frá Íslandi til Brasilíu (PY2RN) er 9.937 km.

Fjarskiptaherbergi TF3IRA 9. maí 2019. Frá vinstri: Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Ari Þór Jóhannesson TF1A og Erik Finskas TF3EY/OH2LAK. Erik er á hljóðnemanum á SSB frá TF3IRA í fyrsta sambandinu frá Íslandi í gegnum nýja gervitunglið. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Erik, TF3EY/OH2LAK, tók alls 13 sambönd frá félagsstöðinni TF3IRA á SSB í gegnum nýja tunglið. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Notaður var 85m diskur á þrífæti við austurglugga á herberginu sem gaf góð merki.

Fimm dögum áður hafði verið prófað að taka á móti merkjum frá tunglinu á 40 cm disk í salnum á neðri hæð sem gekk vel og þann 11. apríl hafði Erik náð merkjum í fjarskiptaherberginu með því að taka á móti merkjum á LNB (einnig í gegnum glugga).

Ari og Erik lánuðu búnaðinn sem til þurfti og var settur upp til bráðabirgða, en Kenwood TS-2000 stöð félagsins og annar búnaðar stöðvarinnar var einnig notaður. Þeir félagar, Ari og Erik, voru að vonum hæstánægðir með árangurinn.

11. maí – VHF/UHF loftnet TF3IRA hækkað

Laugardaginn 11. maí voru menn árrisulir og var mætt í Skeljanes í morgunkaffi. Verkefni dagsins var að færa og setja Diamond SX-200N VHF/UHF stangarloftnet TF3IRA á nýja veggfestingu.

TF3GZ gengur frá Diamond loftnetinu á nýrri veggfestingu. TF1A er ábúðarmikill enda stillti hann sér sértaklega upp fyrir myndatökuna.

Loftnetið var fyrst sett upp á bráðabirgðafestingu 29. september (2018) og síðan á nýja öfluga veggfestingu 15. desember (2018). Nýja festingin var hins vegar með stuttu röri þannig að loftnetið lækkaði nokkuð frá því sem áður var. Þetta hafði hins vegar í för með sér, að eftir breytingu náðist ekki að opna

TF3GZ búinn að ganga frá netinu á leið inn af þakinu til að sjá hvort standbylgjumæling væri í lagi áður en gengið yrði frá fæðilínunni.

endurvarpann Búra á 2 metra bandinu. Þessu var kippt í liðinn þegar þeir Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, Georg Kulp, TF3GZ og Jónas Bjarnason, TF3JB, mættu í félagsaðstöðuna til góðra verka. Georg gekk frá loftnetinu á nýrri veggfestingu, Ari mældi standbylgju og Jónas lagaði kaffi.

Skemmst er frá því að segja, að verkefnið heppnaðist vel og Búri kemur nú inn í Skeljanesi ca. S5 á mæli enda er loftnetið mun hærra en það var fyrst. Þórður Adolfsson, TF3DT og Wilhelm Sigurðsson, TF3AWS aðstoðuðu við prófanir á 2 metrum og 70 sentímetrum eftir færslu loftnetsins. Verkinu var lokið um kl. 12:30 og náðu menn að komast heim í hádegismat þennan laugardag.



RigExpert AA-1400 loftnetsgreinirinn sýndi að standbylgja gat ekki verið betri.

Diamond SX-200N VHF/UHF stangarloftnet TF3IRA komið upp á nýja veggfestingu. Ákveðið var að eiga gömlu festinguna (til vinstri) til góða í framtíðinni. Hægra megin má sjá J-pól loftnet sem notast við APRS búnað félagsins (TF3IRA-1Ø) og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS smíðaði fyrir félagið. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

23. maí – Opið hús í Skeljaensi

Ágæt mæting var í Skeljanes fimmtudagskvöldið 23. maí. Þar sem vetrardagskrá félagsins lauk í byrjun mánaðarins, var í boði svokölluð „opin málaskrá“ sem er þegar félagarnir koma saman og ræða málin yfir kaffibolla, skoða nýjustu tímaritin og velta fyrir sér hinum ýmsu hliðum áhugamálsins.

Yngvi Harðarson TF3Y og Mathías Hagvaag TF3MH QSL stjóri ÍRA, skoða kortabunkann. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Að þessu sinni lágu frammi til kynningar 70 ára gömul QSL kort Sigurðar Finnbogasonar, TF3SF (sk). Þetta eru kort fyrir sambönd frá árunum 1948-1951 og var mjög áhugavert að skoða kortin og sjá hvaða sambönd menn voru að hafa á þessum tíma. Stjórn félagsins bárust þessi gögn til varðveislu í síðasta mánuði.

Á myndinni má sjá hluta af QSL kortum TF3SF. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Um er að ræða 54 QSL kort í upprunalegri pakkningu frá ARRL, sem hafa verið endursend til landsins árið 1951 eftir DXCC uppfærslu vestanhafs. Kortin eru vel varðveitt og pakkningin heilleg og höfðu viðstaddir ánægju af að fletta þeim og spá og spekúlera. Kortin verða varðveitt í Skeljanesi og er félagsmönnum velkomið að skoða þau á opnunarkvöldum. Sjá nánar samantekt annarsstaðar í blaðinu.

25. maí – Laugardagsopnun í Skeljanesi

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, mætti í Skeljanes laugardaginn 25. maí og sýndi viðstöddum hve auðvelt er að taka á móti merkjum frá nýja EsHailSat / OSCAR 100 gervihnettinum sem mikið er rætt um á meðal radíóamatöra um allan heim um þessar mundir.

Skeljanesi 25 maí. Kynning á viðtöku merkja frá nýja EsHailSat/OSCAR 100 gervihnettinum. Frá vinstri (innst): Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Gísli Gissur Ófeigsson TF3G, Mathías Hagvaag TF3MH, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Yngvi Harðarson TF3Y, Þórður Adolfsson TF3DT og Sigurður Benediktsson TF5SLN. Ljósmynd: TF3JB.

Móttökustyrkur var góður, og jafnvel betri heldur en frá SDR netviðtæki á heimasíðu tunglsins, sem hafður var til samanburðar. Ódýrasta fáanlega viðtækið (RTL SDR) var tengt og voru menn sammála um að merki væru jafnvel skýrari heldur en á netviðtækinu.

Notað var SDR Console forritið sem er frítt fyrir radíóamatöra og getur jafnframt notast sem

Sigurður Benediktsson TF5SLN var sérstakur gestur félagsins í Skeljanesi þennan laugardag en hann er búsettur á Siglufirði. Aðrir á mynd: Þórður Adolfsson TF3DT, Sigurður Benediktsson TF3SLN og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS. Ljósmynd: TF3JB.

sendiforrit (hafi menn búnað). Ari sýndi hvernig viðmiðunarmerki er „læst“ við radíóvitann með því að nota nýtt forrit frá Simon Brown, HB9DRV. Hann sýndi jafnframt SDR Pluto sem er nýtt sendiviðtæki sem nær frá 60-6000 MHz, tekur allar tegundir útgeislunar (þá þarf ekki „transverter“).

Til gamans (í kaffihléi) var gerð tilraun á staðnum með að losa LNB frá disknum, halda á því og beina ca. að tunglinu, sem virkaði… þótt merki væru dauf. Menn sjá t.d. fyrir sér að íslenskir leyfishafar geti í framtíðinni verið með „local“ tíðni gegnum tunglið…sem er spennandi möguleiki eftir því sem fleiri verða QRV frá TF.

Dagurinn var virkilega vel heppnaður og ekki spurning að viðstaddir voru hæst ánægðir með kynninguna. Mikið var spjallað og Ari spurður spjörunum úr og svaraði hann vel. Tíminn flaug hratt og þrátt fyrir að fyrstu menn hafi mætt um kl. 13:30 yfirgáfu flestir staðinn ekki fyrr en kl. rúmlega 18.

Sigurður Benediktsson TF5SLN skoðar búnaðinn hjá Ara, en hann hefur mestar áhyggjur af háum fjöllum heima á Siglufirði hvað varðar sambönd upp í Oscar 100 gervitunglið. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Bestu þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A, fyrir fróðlegan, léttan og skemmtilegan laugardag. Alls mættu 12 félagar og 1 gestur í Skeljanes þennan ágæta laugardag.

5. júní – TF5EP látinn

Fréttir bárust til félagsins af láti Einars Páls Stefánssonar, TF5EP, í Svíþjóð þann 25. maí.

Einar heitinn var félagsmaður okkar um langt árabil þar til hann fluttist búferlum til Svíþjóðar ásamt fjölskyldu sinni. Hann var á 72. aldursári er hann lést og handhafi leyfisbréfs radíóamatöra nr. 163.

Um leið og við minnumst Einars með þökkum og virðingu færum við fjölskyldu hans innilegustu samúðarkveðjur.

Texti þessa efnis var settur á heimasíðu félagsins og Facebook síður þann 5. júní.

6. júní – Góðar umræður í Skeljanesi

Góð mæting var á opið hús í félagsaðstöðunni fimmtudaginn 6. júní. Mest var rætt um heimaloftnet

Loftnet eru óþrjótandi umræðuefni yfir góðu kaffi. Frá vinstri: Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN og Georg Magnússon TF2LL. Sjá má AM PRO 160 billoftnetið næst myndavélinni á borðinu. Heildarlengd er 260 sentímetrar, þ.e. undirstilkur er 58cm, spóla 42cm og toppur 160cm. Þar fyrir ofan er 1/2 bylgju tvípóllinn fyrir 6 metrana og Halo tvípóllinn fyrir 6 metrana, pakkaður í plast.

Litið upp frá loftnetaumræðum. Frá vinstri: Georg Magnússon TF2LL, Kristján Benediksson TF3KB, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS.

og bílloftnet á HF; enda sumarið loftnetatími hjá radíóamatörum.

Þrjú loftnet voru til sýnis á staðnum. AM PRO 160 bílloftnet fyrir 160m (kostar £41.46 frá Nevada Radio UK); ½ tvípóll fyrir 6m (kostar £14.96) og ½ Halo tvípóll fyrir 6m (kostar £41.63). 50 MHz loftnetin voru keypt frá Moonraker UK. (Halo loftnetið er svokallaður „beygður“ tvípóll, rétthyrndur í lögun og óstefnuvirkur).

Heimaloftnetin rædd við stóra borðið. Fyrir enda borðs: Þórður Adolfsson TF3DT, Einar Kjartansson TF3EK (Þórði á vinstri hönd), síðan Mathías Hagvaag TF3MH, Jón E. Guðmundsson TF8-02Ø, Jón Björnsson TF3PW og Benedikt Sveinsson TF3T. Ljósmyndir: TF3JB

TF3JB skýrði m.a. frá, að hann noti 1.8 MHz bílnetið fest við húsþakið með járnið á þakinu sem mótvægi. Það hafi komið ótrúlega vel út, því á tímabilinu 11.11.2018-11.2.2019 hafði hann QSO við alls 54 DXCC einingar á FT8 tegund útgeislunar og fékkst síðasta landið staðfest 31. maí s.l. Menn sýndu 50 MHz loftnetunum einnig áhuga, enda er 6 metra „vertíðin“ að hefjast um þessar mundir.

Mæting var góð í Skeljanes þetta fallega sumarkvöld í Reykjavík, alls 15 félagar og 2 gestir.

8. júní – TF1APA QRV

Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, gerði ferð á Búrfell laugardaginn 8. júní. Markmiðið var að líta eftir endurvarpsstöð félagsins, TF1RPE (Búra).



Myndin er af APRS búnaði stafvarpans TF3IRA-1Ø sem er staðsettur í Skeljanesi. Ljósmynd: Guðmundur Sigurðsson TF3GS.

Í sömu ferð var APRS stafvarpi félagsins, TF1APA, gangsettur og tengdur loftneti (sem var fyrir á staðnum) og vísar í áttina að Selfossi.

Fyrstu prófanir benda til að verkefnið hafi gengið vel upp. Bestu þakkir til Guðmundar fyrir vel heppnaða ferð á fjallið.

Úr félagsstarfinu. Frá vinstri: Sigurður Smári Hreinsson, TF8SM; Guðmundur Ingi Hjálmtýsson, TF3IG; Jón Gunnar Harðarson, TF3PPN; og Þór Magnússon, TF3TON. Myndin var tekin í Skeljanesi 28. janúar 2010. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.



Páskaleikar 2019

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY

Páskaleikarnir 2018 fóru fram 20.–21. apríl. Þátttaka var góð og skiluðu alls 17 þátttakendur inn gögnum af 20 sem skráðir voru til leiks. Samanborið við fyrra ár, var þátttaka heldur minni en þá skiluðu 23 leyfishafar inn gögnum, auk 1 hlustara. Þetta voru 2. páskaleikar félagsins, en fyrstu leikarnir voru haldnir árið 2018.

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, umsjónarmaður páskaleikanna kynnti úrslit og niðurstöður í Skeljanesi 9. maí. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Þátttakendur voru ágætlega dreifðir um landið, m.a. á Akranesi, Vogum, Garði, Grímsnesi, Hvolsvelli, Borgarfirði og Skagaströnd, þótt flestir væru á Reykjavíkursvæðinu. Fjöldi sambanda í gagnagrunni var 390 og heildarvegalengd var alls 22.713 km. Leikarnir fóru fram á sex böndum, þ.e. 2, 4, 6 og 80 metrum og 70 og 23 sentímetrum.

Hafa mátti samband hvenær sem var þessa 2 sólarhringa og við sömu stöð oftar en einu sinni, en a.m.k. 6 klukkustundir þurftu að líða á milli sambanda til að fá punkta.

Nýtt í leikunum 2019 var, að tekin var upp staðsetning samkvæmt reitakerfi (*e. Maidenhead grid locators*). Fyrirkomulag er þannig að þátttakendur kynna sér í hvaða 6 stafa reit þeir eru staddir hverju sinni og skrá hann við hvert QSO í gagnagrunn leikanna.

Þetta fyrirkomulag kom mjög vel út og hefur augljósa kosti, m.a. að jafna vægi á milli banda. Ljóst er, að það verður notað áfram. Breytingarnar voru m.a. reifaðar þegar farið var yfir keppnisreglur á kynningarfundi í Skeljanesi þann 11. apríl.

Tafla 1. Lengstu QSO vegalengdir eftir böndum/tíðnisviðum.

Band	QRG, MHz	Vegalengd, km	Kallmerki 1	Kallmerki 2
23 cm	1240	23.3	TF3DT	TF2MSN
70 cm	430	144.7	TF8TY	TF1JI
2 m	144	162.4	TF3GZ	TF1JI
4 m	70	40.2	TF8KY	TF2MSN
6 m	50	72.8	TF3DT	TF2LL



Kallsvæðakortið veitir upplýsingar til viðmiðunar um staðsetningu samkvæmt reitakerfinu.

Uppgjör Páskaleikanna 2019 og afhending verðlauna fór fram 9. maí í Skeljanesi og veitti Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður ÍRA verðlaunagripi ársins. Úrslit voru sem hér segir:

1. Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN, 4.655 stig.
2. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, 3.456 stig.
3. Þórður Adolfsson, TF3DT, 3.249 stig.

Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN varð í 1. sæti í Páskaleikunum 2019 með 4.655 stig. Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA, les upp textann af verðlaunagripnum. Óðinn Þór átti ekki heimangengt og tók Hrafnkell Sigurðsson TF8KY á móti verðlaununum félagsins fyrir hans hönd. Ljósmynd: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

Undirbúningur Páskaleikanna var einkum í höndum TF8KY og TF2MSN, auk TF3ML. Sérstakur gagnagrunnur leikanna frá fyrra ári var þróaður áfram ásamt hjálparsíðu, vegna innskráningar sambanda.

Tafla 2. Úrslit í Páskaleikum ÍRA 2019

Hrafnkell Sigurðsson TF8KY varð í 2. sæti í Páskaleikunum 2019 með 3.456 stig. Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA afhenti honum verðlaunagrip félagsins. Mynd: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

Þórður Adolfsson TF3DT varð í 3. sæti í Páskaleikunum 2019. Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA afhenti honum verðlaunagrip félagsins. Ljósmynd: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

Bestu þakkir til allra þátttakenda og til stjórnar ÍRA fyrir stuðninginn. Það er almennt að heyra á félögunum að markmiðið að fá menn í loftið og hafa gaman af hafi tekist.

73 de TF8KY.

Nr.	Kallmerki	Nafn	QTH	Heildarstig
1.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	Akranes	4.655
2.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	Vogar (og víðar)	3.456
3.	TF3DT	Þórður Adolfsson	Reykjavík	3.249
4.	TF8TY	Björn Hrafnkelsson	Vogar (og víðar)	1.394
5.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	Hafnarfjörður	1.164
6.	TF3GZ	Georg Kulp	Borgarfjörður	1.162
7.	TF8SM	Sigurður Smári Hreinsson	Garður	966
8.	TF3GB	Bjarni Sverrisson	Reykjavík	840
9.	TF1MT	Magnús Ragnarsson	Hvolsvöllur	828
10.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	Nærri Seljalandsfossi	600
11.	TF2LL	Georg Magnússon	Borgarfjörður	580
12.	TF3VP	Valgeir Pétursson	Skagaströnd	215
13.	TF3AK	Guðmundur Birgir Pálsson	Reykjavík	190
14.	TF3JA	Jón Þ. Jónsson	Grímsnes	65
15.	TF3JB	Jónas Bjarnason	Reykjavík	60
16.	TF3EK	Einar Kjartansson	Reykjavík	30
17.	TF3VG	Valtýr Einarsson	Reykjavík	4

QSL kort TF3SF frá 1948–1951

Jónas Bjarnason, TF3JB

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, kom á framfæri við stjórn félagsins þann 18. apríl 2019, pakka með QSL kortum merktum Sigurði Finnbogasyni, TF3SF (sk).[1]

Sigurður Finnbogason TF3SF (sk). Myndin var líklega tekin í kringum 1935. Þakkir til Sigurbjörns Þórs Bjarnasonar TF3SB fyrir myndina.

Vilhjálmur sagðist hafa fundið pakkann í geymslu á vinnustað sínum í Háskóla Íslands. Tveir fyrrverandi formenn félagsins hafa unnið á sama stað og taldi hann ekki ólíklegt að annarhvor þeirra hafi móttekið þessi kort fyrir hönd félagsins fyrr á árum, en þau hafi af einhverjum ástæðum dagað uppi þar á staðnum.

Mynd af QSL korti Sigurðar TF3SF sem hann notaði a.m.k. árið 1949.

Um er að ræða 54 QSL kort í pakkningu frá ARRL, sem hafa verið send til landsins eftir skoðun í Bandaríkjunum; líklegast vegna uppfærslu á DXCC stöðu TF3SF. Kortin eru fyrir sambönd sem Sigurður heitinn hafði fyrir rúmlega 70 árum, eða á tímabilinu 1948-1951. Þau eru vel varðveitt og voru pökkuð í plast og pakkningin heilleg. Vilhjálmur taldi líklegt að pakkinn hafi lent í bleytu, en frágangur kortanna hafi verndað þau fyrir skemmdum.

1 Sigurður Finnbogason TF3SF f. 3.10.1916, d. 27.7.1995.

2 Heimild: CQ TF, 2. tbl. 2018, greinin CQ WW í 70 ár, bls. 26–27.

Sigurður Finnbogason, TF3SF var handhafi leyfisbréfs nr. 13. Hann var mjög virkur í DX á sínum tíma og var til dæmis einn af þremur leyfishöfum sem tóku þátt í fyrstu CQ World Wide DX keppninni árið 1948; hvorutveggja í tal- og morshlutum keppninnar.

Mynd af pakkningunni frá ARRL sem er póststimpluð 22. október 1951; af QSL korti frá Shanghai; ásamt lista yfir kortin. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Hann tók síðan þátt í CQ WW DX keppnum allt til ársins 1969.[2]

Umrædd QSL kort eru langflest fyrir sambönd á morsi á 20 metrum eða 48 kort, en 6 eru fyrir sambönd á 10 metrum, þar af 4 á morsi og 2 á AM. Samböndin á styrkmótun (AM) benda til þess að skilyrði hafi verið góð á efri böndunum fyrir 70 árum (1949) því

Fyrir áhugamenn um QSL kort er ávallt áhugavert að fletta 70 ára gömlum DX QSL kortum. Þau veita m.a. áhugaverðar upplýsingar um tæki, búnað og loftnet sem radíóamatörar notuðu á þessum tíma. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

þau eru við stöðvar í Afríku og í Suður-Ameríku. Annars eru þetta kort fyrir sambönd um allan heim, þ.á.m. lönd í Kyrrahafinu og nær okkur líkt og t.d. við Grænland. QSL kortin verða í vörslu stjórnar óski félagsmenn eftir að sjá þau og e.t.v. vinna úr þeim að einhverju leyti. Sjá heildarlista yfir kortin sem fylgir með þessari samantekt.

Listi yfir QSL kort TF3SF fyrir QSO á árunum 1948-1951 sem bárust ÍRA 18. apríl 2019.

Kallmerki	Dagsetning	Band	Mótun	Land	Athugasemdir
4X4BX	22.03.1950	20	CW	Ísrael	
WØMCF/C1	12.11.1948	20	CW	Kína	
CE3BF	17.11.1950	20	CW	Chile	
CN8EJ	12.01.1950	20	CW	Franska Marokkó	
CO8BM	01.10.1950	20	CW	Kúba	
CP5EK	10.05.1951	20	CW	Bólivía	
CR6AI	13.06.1950	20	CW	Angóla	Via TF3ZM
CR4AH	02.06.1951	20	CW	Portúgal	
CT3AB	17.07.1950	20	CW	Madeira	
CX1FY	29.04.1949	20	CW	Úrúgvæ	
EA8BC	14.06.1950	20	CW	Kanaríeyjar	
EA9AP	16.10.1950	20	CW	Melilla	
EK1AQ	22.04.1950	20	CW	Tangier (Marokkó)	
FA8BG	03.08.1951	20	CW	Oran (Alsír)	
FF8JC	18.07.1950	20	CW	Senegal	
FP8AC	10.07.1950	20	CW	Sainte Pierre et Miquelon	
HC2JR	12.10.1949	10	AM	Ecuador	
HH3VE	06.07.1950	20	CW	Haiti	
JA3AF	01.12.1949	20	CW	Japan	
KG6HU	03.01.1951	20	CW	Guam	
KH6IJ	11.05.1949	10	CW	Hawai	
KL7KV	25.11.1948	20	CW	Alaska	
KP4CC	25.12.1949	20	CW	Puerto Rico	
KR6FB	25.04.1951	20	CW	Okinawa, Japan	
KW6AR	25.11.1950	20	CW	Wake Isl.	
KV4AA	17.11.1949	20	CW	Virgin Isl.	
KZ5AP	15.03.1950	20	CW	Canal Zone	Panama
LU7EO	13.03.1950	20	CW	Argentína	
MD7WE	11.03.1950	20	CW	Kýpur	
OA4AP	26.06.1950	20	CW	Perú	
OQ5BR	08.11.1950	20	CW	Belgíska Kongó	Kongó
PJ1UF	23.09.1950	20	CW	Curacao	
OX3MG	15.11.1948	20	CW	Grænland	
PZ1AL	26.10.1950	20	CW	Súrínam	
PY2NX	05.02.1949	20	CW	Brasilía	
TI2PZ	13.03.1950	20	CW	Costa Ríka	
UA9CL	07.05.1949	20	CW	Síbería	
UF6AA	16.03.1949	10	CW	Georgía	
UG6AB	07.05.1949	20	CW	Sovétríkin	
VE2NI	06.11.1949	10	CW	Kanada	
VK4EL	11.02.1949	20	CW	Ástralía	
VO2AN	07.12.1948	20	CW	Nýfundnaland	
VP1NW	05.11.1950	20	CW	Breska Hondúras	Belíse
VP6CDI	06.06.1950	20	CW	Barbados	
VP9OO	18.07.1950	20	CW	Bermúda	
VS6NG	04.01.1951	20	CW	Ceylon	Sri Lanka
VS7AC	08.11.1950	20	CW	Hong Kong	
W9UXO	20.01.1949	20	CW	Bandaríkin	
XE2NV	03.02.1950	20	AM	Mexíkó	
YV5BJ	18.07.1950	20	CW	Venesúela	
ZC1CL	13.03.1949	10	CW	Jórdanía	
ZD4AH	02.01.1950	10	AM	Gold Coast	Ghana
ZS2CB	15.12.1949	20	CW	Suður Afríka	
ZL3GQ	24.04.1950	20	CW	Nýja Sjáland	



Es'hail-2/P4A – OSCAR 100

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A

Es'hail-2 gervitunglinu var skotið á loft með Space-X eldflaug frá Cape Canaveral höfða í Bandaríkjunum 15. nóvember 2018. Tunglið sjálft vegur um 3 tonn. Opinberlega var opnað fyrir tilraunir radíóamatöra til fjarskipta um tunglið 14. febrúar s.l.

Amatörhluti „Es'hail-2/P4A" gervitunglsins var þróaður og byggður af landsfélagi radíóamatöra í Katar (QARS) og Es'hailSat fjarskiptafyrirtækinu þar í landi, með aðkomu AMSAT-DL deildar radíóamatöra í Þýskalandi. Verkefni QARS byggði á boði Es'hailSat fyrirtækisins um að setja tvö „Phase 4" tæki (*e. transponders*) frítt um borð í tunglið. Reiknað er með að líftími tunglsins verði a.m.k. 15 ár.

Es'hail 2 / Oscar 100 er fyrsta amatörgervitunglið á staðbraut (*e. geostationary*) sem þýðir að það þarf engan stýribúnað því stefnan er alltaf sú sama, sem einfaldar mjög uppsetningu búnaðar. Að sama skapi eru móttöku- og senditíðnir alltaf þær sömu.



OSCAR-100 gervitunglið er í u.þ.b. 36.000 km metra hæð yfir miðbaug og næst frá TF allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Sendingar inn á tunglið eru á 2400 MHz (*e. uplink*) og hlustunin er á 10450 MHz (*e. downlink*).

Tvö tæki eru í boði (*e. linear transponders*). Annars vegar 250 kHz á lóðréttri pólun (12VDC) fyrir bandþrengri sendingar (t.d. CW, FT8 og SSB). Hins vegar 8 MHz á láréttri pólun (18VDC) fyrir bandbreiðari sendingar (t.d. AM, FM, D-Star, stafrænt sjónvarp, DVB o.fl.). Hvað varðar fjölda notenda, geta jafnvel hundruð leyfishafa notað tunglið samtímis.

Skeljanesi 25 maí. Kynning á viðtöku merkja frá nýja EsHailSat/ OSCAR 100 gervihnettinum. Frá vinstri (innst): Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Gísli G. Ófeigsson TF3G, Mathías Hagvaag TF3MH, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Yngvi Harðarson TF3Y, Þórður Adolfsson TF3DT og Sigurður Benediktsson TF5SLN. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

OSCAR-100 sendir út DVB-S2 sjónvarpsmerki með efni fyrri radíóamatöra, allan sólarhringinn. Merkið notast vel til að staðsetja gervitunglið og stilla loftnet.

Fyrsta QSO um Oscar-100 frá TF3IRA

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, VHF stjóri ÍRA og Erik Finskas TF3EY (OH2LAK), settu upp búnað og gerðu tilraunir í gegnum nýja OSCAR-100 tunglið frá fjarskiptaherbergi ÍRA þann *9. maí 2019.*

Til að gera langa sögu stutta, náðust 13 sambönd á SSB frá TF3IRA í gegnum nýja tunglið. Fyrsta sambandið var við IT9CJC á Sikiley þann 9. maí kl. 20:40 GMT. Önnur DXCC lönd voru CT1, DL, EA5, F, G, OZ, PA og PY.

Ari og Erik lánuðu búnaðinn sem til þurfti og var settur upp til bráðabirgða, þ.á.m. 85cm loftnetsdisk (spegill) sem hafður var á þrífæti við austurglugga á herberginu. Kenwood TS-2000 stöð félagsins og annar búnaðar stöðvarinnar var einnig notaður.

TF1A mætti síðan í Skeljanes laugardaginn *25. maí* og sýndi félagsmönnum hve auðvelt og ódýrt er að taka á móti merkjum frá nýja EsHailSat / OSCAR 100 gervihnettinum. Góð mæting var og dagurinn vel heppnaður. Mikið var spjallað og rætt um nýja tunglið. Sem dæmi um áhuga manna má geta þess að félagsaðstaðan var opnuð kl. 13:30 en flestir yfirgáfu staðinn ekki fyrr en kl. rúmlega 18.

Rússneska spætan
— leitað til lesenda um leyndarmál loftnetanna

Kristján Benediktsson, TF3KB

Sjónvarpsþáttaröð HBO um kjarnorkuslysið í Chernobyl, Tsjernóbíl í apríl 1986, sem sýnd var nýlega á Stöð 2 hefur vakið mikla athygli og umtal. Færri vita kannski að rússneska spætan (The Russian Woodpecker), hrellirinn ógurlegi á stuttbylgju frá 1976–1989, var staðsett skammt frá Tsjernóbíl. Öll mannvirkin eru í mikilli niðurníðslu í dag, en hafa á síðari árum verið mikið heimsótt, ljósmynduð og kvikmynduð í bak og fyrir. sem finna má heilmikið af á netinu.

Miðað við hve víða á stuttbylgju spætan heyrðist, mætti ætla að loftnetin hefðu verið nokkuð breiðbands. Myndir hér fyrir neðan sýna viðtökunetið, sem var gríðarleg stæða af 300 kónískum dípólum, með endurkastsvíra fyrir aftan dípólana.

Miðað við A) að kónískir dípólar eru breiðbands, og B) sverir leiðarar eru bandbreiðari en mjóir, og C) að dípólarnir eru kónískir að hálfu leyti, og sverir að hálfu leyti, ættu þessir dípólar að geta haft talsverða breiðbandshæfileika.

CQ TF leitar aðstoðar lesenda við að ráða gátuna um leyndarmál loftnetanna, með því að senda inn svör við spurningunum:

1. Hver er áætlaður loftnetsávinningur allrar stæðunnar, miðað við að í hverri lóðréttri stæðu séu 20 dípólar í hæðina, raðað í zig-zag og 15 slíkar stæður í breiddina, 300 dípólar samtals.

2. Hvert er áætlað sýndarviðnám hvers dípóls frá 5–25 MHz, miðað tómarúm og lauslega áætlaða stærð skv. málsettri mynd hér að neðan.



Utanáliggjandi lyklaborð, hnappabox

Georg Magnússon, TF2LL

Lengi hafa menn notað utanáliggjandi hnappabox með hinum ýmsu minniseiningum, tekið upp kall á morsi, tali, RTTY ofl og síðan sent upptökuna út. Svona minniseiningar hafa gjarnan verið kallaðir páfagaukar, þ.e. „apparat“ sem getur endurtekið fyrirfram ákveðin boð, svo oft og lengi sem óskað er. Upptaka, skilaboð, í keppni gætu hugsanlega verið svona „*CQ contest CQ contest TF2LL TF2LL calling contest*“. Margar útfærslur geta verið á skilaboðunum, mismunandi hvort heldur er á tali, morsi, digital ofl. Allskonar styttingar eru notaðar, byrjanir, endingar og einnig eru menn með mismunandi skilaboð eftir keppni, böndum ofl en einnig er verið að nota páfagauka þó ekki sé verið í keppnum. Það má oft heyra menn kalla CQ með páfagauk, einkum þá sérlega ef skilyrðin eru leiðinleg.

En þetta er jafn misjafnt og mennirnir eru margir. Páfagauka hafa margir smíðað sjálfir en einnig hefur verið hægt að fá páfagaukana tilbúna frá ýmsum framleiðendum td MFJ, Micro Ham og ýmsum amatörum. „Curtis Keyer Chip“ veit ég að margir þekkja og hafa notað í sína CW páfagauka.

Nýrri gerðir stöðva eru með innbyggðar minniseiningar og því verða utanáliggjandi box með minniseiningum óþörf. Að sjálfsögðu geta menn notað áfram sína gömlu góðu páfagauka við nýjar stöðvar, kjósi þeir svo, en nægjanlegt er að nota lyklaborð eða box með nokkrum hnöppum á. Þá eru magar nýrri stöðvar eru þannig úr garði gerðar að hægt er að stjórna þeim alfarið með lyklaborði og mús en þá eru F-takkarnir notaðir til þess að stjórna hinum mismunandi minnum. Mörg logg- og stjórnforrit, t.d. N1MM+, WinTest, Power SDR ofl eru þannig útbúin að hægt er að lesa og skrifa inn margvísleg skilaboð, bæði tal, mors, digital ofl og láta síðan tölvuna (hljóðkortið) senda skilaboðin út í gegn um stöðina. Oft er hægt að velja stöðluð (macro, ísl = fjölvi) skilaboð en einnig skrifa sín eigin. Eini gallinn, eða stóri gallinn við að lesa inn tal (SSB) inn á minni í logg eða keppnisforriti (*e. wave file*) er sá að þá eru menn að nota oft á tíðum lélega tölvuhljóðnema með hörmulegum hljómgæðum þannig að út sent tal er oft á tíðum ansi lélegt og illskiljanlegt, svo ekki sé talað um þegar menn lesa hratt inn á minnið og útkoman verður afspyrnuléleg. En hinsvegar, þegar skilaboðin eru lesin inn á minni stöðvarinnar sjálfrar með góðum hljóðnema verður mótunin miklu betri.

Fjöldi innbyggðra minna og möguleikar á notkun þeirra eru mismiklir á milli stöðva, tegunda, gerða ofl. Nokkrar mismunandi aðferðir eru notaðar til þess að stýra minnisrásum í nýrri gerð stöðva. Flestar eru einfaldar og svipað uppsettar, en um mismunandi tengingar er þó að ræða. Á sumum stöðvum þarf að fara inn á hljóðnematengil en á öðrum er sér tengill fyrir minnisstjórnunina. Í handbókum stöðvanna og á internetinu, má finna fjöldann allan af útfærslum, söluaðilum, heimasmíði o.fl. á utanáliggjandi hnappaborðum. Ég ætla ekki að fjalla um þær allar heldur gefa smá innsýn í þetta en í fjarskiptaherbergi ÍRA eru tvær stöðvar frá Icom, IC-7300 og IC-7610 og sýna svo hvað ég var að setja saman sjálfur fyrir mína stöð.

Á *sp3rnz.blogspot.com* – heimasíðu Grezegorz, SP3RNZ, er hægt að sjá hvernig hann hefir breytt Icom IC-7300 handhljóðnema þannig að takkarnir ofan á hljóðnemanum sem notaðir eru til þess að hækka og lækka tíðnina eru virkjaðir til þess að stýra minnisbönkum 1 og 2. Þessi útfærsla gæti verið afar hentug t.d. í útileikum o.fl.

Mynd 1. Lyklaborð við Elecraft K3. NV7Z. (Myndin er tekin af internetinu).

Á mynd 1 má sjá lyklaborð sem David, NK7Z hefur sett við Elecraft K3. Með þessu utanáliggjandi lyklaborði er hann ekki einungis að stjórna páfagauknum heldur líka að stýra mörgum aðgerðum. Um þetta má lesa á heimasíðu Davids, www.nk7z.net. Þetta er aðkeypt lyklaborð frá fyrirtækinu Genovation sem hann notar, forritanlegt og USB tengt. Afar forvitnilegt fyrir lengra komna!

Mynd 2. Myndin sýnir hnappaborð fyrir Kenwood TS-990S sem GMØOBX framleiðir og selur. (Mynd tekin af internetinu).

Þetta er svona „týpískt“ hnappabox sem menn eru að setja saman sjálfir og einnig að selja fyrir margar gerðir stöðva.



Microphone connector

① Microphone input
② +8 V DC output
③ Frequency up/down
⑧ AF output
⑦ GND (Microphone ground)
⑥ GND (PTT ground)
⑤ PTT
④ Squelch line output

Front panel view

PIN No.	DESCRIPTION
①	Microphone input (Impedance: 600 Ω)
②	+8 V DC output (Maximum 10 mA)
③	Up: Ground Down: Ground through 470 Ω
④	Grounded when the squelch opens.
⑤	PTT
⑥	PTT ground
⑦	Microphone ground
⑧	AF output (varies with the [AF] control.)

◇ External keypad

A circuit is used to output memory content from 4 memories. You can output desired memory content such as that from a CW Memory keyer (M1 ~ M4), Voice memory (T1 ~ T4), RTTY Memory (RT1 ~ RT4) to be transmitted.

- Push a switch to send the memory information.
- Hold down the switch for 1 second to repeatedly send the memory information.

ⓘ To use the external keypad, turn ON the following items in the CONNECTORS set screen. (p. 12-8)
MENU » SET > Connectors > **External Keypad**
• VOICE: ON

Mynd 3. Myndin er tekin úr handbók fyrir Icom IC-7300.

Þarna þarf að tengja hnappaborðið inn á hljóðnematengið, líkt og á Kenwood TS-590.

Menn hafa smíðað hnappabox með hljóðnematengi og svo tekið kapal úr boxinu í hljóðnematengið á stöðinni. Samskonar útfærsla og sjá má á mynd 3 það sem heitir „Contest Console“ fyrir Icom frá Sotebeam.

Þá hef ég einnig séð að menn hafa klippt hljóðnemasnúruna í sundur, lagt í gegn um hnappabox og það tengt sem við á.

Á mynd 4 er box frá Sotebeam þar sem eru 4 minnishnappar, PTT hnappur, Tune hnappur og tveir fyrir tíðni upp og niður. Kapall út úr boxinu og inn á hljóðnematengi stöðvarinnar og síðan hljóðnemanum stungið í samband við boxið.

Mynd 4. Contest Console fyrir Icom IC – 7300 frá Sotabeam. (Mynd tekin af internetinu).



■ [EXT KEYPAD] jack

The circuit is used to output memory content in 8 channel memories. You can output desired memory content such as CW Memory keyer, Voice memory, RTTY/PSK Memory to be transmitted. Push a switch to send the memory information. Hold down the switch for 1 second to repeatedly send the memory information.

When you connect the external keypad, turn ON the following items in the Others set screen. (p. 15-16)
(SET [F-7] > OTHERS[F-5])

- External Keypad (Voice)
- External Keypad (Keyer)
- External Keypad (RTTY)
- External Keypad (PSK)

Mute switch: Mutes both transmission and reception when the switch is turned ON.

Mynd 5. Úr handbók Icom IC- 7610.

Icom IC-7610 o.fl. eru með sérstakan tengil fyrir utanáliggjandi hnappabox. Ég ákvað að prufa að útbúa mér eitt hnappabox eftir teikningunni úr handbókinni. Boxið, rofana og viðnámin fékk ég í Íhlutum.

Skemmst er frá því að segja að þetta virkar fínt. Þarna er hægt að lesa inn skilaboð inn á hverja minniseiningu fyrir sig, (velja staðlaða makróa) hvort heldur er á SSB, CW og eða hvaða digital mótun sem er, líkt og áður kom fram. Á teikningunni er „mute“ rofi sem ég setti samviskusamlega í boxið. Mute rofinn virkar, en til hvers hann er í rásinni hef ég ekki hugmynd um!!

Mynd 5. Hnappabox TF2LL. Box og rofar, hnappar frá Íhlutum

. Ég ætlaði að vera flottur á því og setja rofana og viðnám á prentplötu en þetta er svo einföld uppsetning að það tók því ekki. Það er hægt að fá margar gerðir af boxum og rofum í hlutverkið td á Amazon og Ebay. Þetta box er það lítið miðað við 8 minnishnappa að er ekki pláss fyrir hljóðnematengil, svo vel sé. Auka tengin á rofunum eru fyrir gaumljós.



Mynd 6. Innvols í hnappaboxi TF2LL.

Þar sem hnappaboxið virkaði fínt, datt mér í hug að útbúa hnappabretti og festa á lyklaborðið í stað þess að vera með laust hnappabox á borðinu við hlið lyklaborðsins. Niðurstaðan varð sú að setja rofana og hnappana í lyklaborðið sjálft, fyrir ofan F-takkana. Í



Mynd 7. Opið HP tölvulyklaborð. Með handhægum fræsara má auðveldlega fræsa úr botninum td skápinn undir löppinni, útbúa aðrar lappir undir borðið utar, þ.e. af menn vilja hafa borðið hallandi, þá er einnig hægur vandi að taka snúrurnar út hvar sem hentar því það er ekkert sem bindur snúrurnar við miðjuna.

þessu HP lyklaborði er nánast ekkert fyrir ofan F-takkana og því auðvelt að bora göt og koma hnöppunum fyrir. Reyndar eru á milli F4 og F5 takkana og fyrir ofan „Scroll Lock“ takkans festingar fyrir móðurborð, grunnplötu lyklaborðsins sbr. mynd 7.

Mynd 8. Aukahnappar á lyklaborði TF2LL.

Með handhægum fræsara er auðvelt að laga neðrihluta lyklaborðsins til, þannig að koma megi fyrir fleiri rofum, hnöppum. Rofarnir (hnapparnir) sem ég valdi eru frekar stórir, þannig að ég kom ekki festiró á neðanundir og límdi rofana því í borðið fyrir ofan F-takkana. Sem fyrr segir er hægt að setja fleiri svona hnappa á lyklaborðið en ég sé ekki tilgang með fleirum því ég hef ekki verið að nota fleiri möguleika í þeim keppnum sem ég hef tekið þátt í og notað páfagauk. En hinsvegar, er einnig sá möguleiki fyrir hendi að stýra ýmsum aðgerðum logg- eða keppnisforrits með F-tökkum lyklaborðsins sem eru enn til staðar og óháðir auka minnisstjórnunarhnöppunum. Það sem af er hefur mér fundist þessi útfærsla afar þægileg.



Mynd 9. Lyklaborð TF2LL að neðan.

Eins og sést, eru rofarnir sem ég nota nokkuð síðir og eflaust er hægt að fá mun hentugri rofa í þetta. En þar sem ég kýs að nota lappirnar undir lyklaborðinu kemur það ekki að sök þó tengin standi niður úr borðinu.

Lyklaborð og kapal með stereótengi fékk ég í Góða Hirðinum en kapallinn kom með tölvuhátölurum. Oft má finna ýmislegt mjög ódýrt vel nothæft góss í Góða hirðinum!

73 de TF2LL
Georg Magnússon.





TF7V leiðangurinn var farinn í júlí 1975 til Vestmannaeyja. Fengin var aðstaða í vitavarðarhúsinu á Stórhöfða hjá Óskari J. Sigurðssyni vitaverði. Þá var í fyrsta skipti í a.m.k. 25 ár starfrækt stöð með forskeytinu TF7.

Þátttakendur í þeirri ferð voru: Axel Sölvason, TF3AX; Kristinn K. Daníelsson, TF3KD (nú TF5KD); Guðjón Einarsson, TF3AC (SK); Ólafur Axelsson, TF3AW (SK); Sigurbjörn Bjarnason, TF3SB; og Stefán Sæmundsson, TF3SE. Þrátt fyrir mjög óhagstæð skilyrði (sólblettalágmark) voru höfð 970 QSO.

(Heimild: CQ TF 2. tbl. 2010)

Nokkur málefni radíóamatöra á alþjóðavettvangi

— með *ITU WRC-19 í Sharm El-Sheikh á næstu grösum*

Kristján Benediktsson, TF3KB – IARU tengiliður ÍRA

Næsta radíótíðniráðstefna Alþjóða Fjarskiptasambandsins, ITU (International Telecommunications Union) verður haldin í Sharm El-Sheikh í Egyptalandi dagana 22. október til 22. nóvember 2019, sjá https://wrc19egypt.eg/. Þetta er alheimsráðstefna með umboð til að taka ákvarðanir í tíðnimálum allrar heimsbyggðarinnar og stjórnvöld hvers lands fara með eitt atkvæði.

ITUWRC
SHARM EL-SHEIKH2019
28 October - 22 November
Sharm El-Sheikh, Egypt

Mikil undirbúningsvinna hefur farið fram hjá ITU sl. 3 ár við að útfæra tæknilegan grunn framkominna tillagna, samræmingu sjónarmiða og ná samkomulagi. WRC ráðstefnurnar hafa svo síðasta orðið um það sem út af kann að standa. Samþykktir ITU ráðstefna eru kallaðar „Tilmæli“ (Recommendations), sem þýðir þó ekki að þær megi hunsa að vild. Þögn er sama og samþykki. Fyrir frávikum þurfa að liggja brýnar ástæður. Séu einhver ríki ósátt við eitthvað, þurfa þau að lýsa því yfir og tilgreina ástæður, sem síðan má geta sem sérálits í neðanmálsgrein.

Radíóamatörar hafa þarna „engin völd, ekkert atkvæði, ‚bara‘ áhrif.“ EN eins og áður hafa alþjóðasamtök radíóamatöra, IARU, markað stefnu um sínar áherslur og markmið, miðlað þeim til aðildarfélaga sinna, sem upplýsa hvert um sig stjórnvöld, sem fara með atkvæðisréttinn.

Árangur IARU í tíðnimálum hefur um árabil verið góður. Margt hefur unnist, en mat manna er að á brattann sé að sækja nú um stundir varðandi ný tíðnisvið. Því var ákveðið að einbeita sér nú frekar að eflingu og samræmingu þeirra banda í Svæðum 1, 2 og 3, sem þegar hafa verið samþykkt. Helsta mál sett á dagskrá nú er að lönd í Svæði 1 fái heimild til að úthluta radíóamatörum tíðnisviðinu 50–54 MHz til samræmis við heimildir um slíkt í Svæðum 2 og 3. Núgildandi reglur heimila einungis 50–52 MHz í Svæði 1.

Undirbúningsfundir fyrir WRC-19 í ITU vinnunefnd WP5A

Langdregnar umræður gætu farið illa með dýrmætan tíma ráðstefnunnar og er því lögð mikil áhersla á að ná samkomulagi í málum fyrirfram, svo spara megi tíma og ljúka sem flestum málum á ráðstefnunni með einfaldri handaupprettingu.



Myndin sýnir grafískt hvernig radíóamatörar með engin völd, ekkert atkvæði, ‚bara‘ áhrif ná árangri á heimsvísu með samtakamætti sínum, með því að koma sér saman um afmörkuð mál til að beita sér fyrir hverju sinni, tala um þau ‚einni röddu‘ á öllum fundum í öllum nefndum í öllum samtökum og öllum löndum og að lokum á ITU WRC ráðstefnum þar sem lokaákvarðanirnar eru teknar.

Undirbúningsfundir CPM (Conference Preparatory Meeting) hjá ITU sl. 3 ár hafa verið fleiri en 60 talsins í 7 hálfsmánaðar fundasyrpum. Erfiðara hefur verið að ná niðurstöðu, síðan tekið var upp það vinnulag að leita eftir sammæli, þ.e. að allir séu sammála.

Sem ‚Sector-Aðili' að ITU-R tekur IARU virkan þátt í undirbúningsfundum og vinnur ötullega við að halda sínum sjónarmiðum á loft.

Frá fundi WP5A vinnunefndar ITU í Genf. Vinstra megin: Ulrich Müller, DK4VW, tíðnimálasérfræðingur DARC, Jonathan Siverling, WB3ERA, frá ARRL, og standandi: Dale Hughes, VK1DSH, mikill vísindamaður og mjög öflugur formaður í vinnuhópnum. Hægra megin, með hönd á kinn, Ole Garpestad, LA2RR, varaformaður IARU, og nær við hlið hans Dave Court, EI3IO, formaður í tíðnimála- og reglugerðanefnd IARU Svæðis 1, sem lengi hefur unnið að tíðnimálum í CEPT, en lætur nú radíóamatörhreyfinguna njóta góðs af reynslu sinni. Mynd VE3QN.

Nú liggur fyrir afrakstur þessarar miklu vinnu er ítarleg skýrsla, sem nú liggur fyrir, sem stjórnvöld og aðrir hlutaðeigendur nota við úrvinnslu sína fyrir ráðstefnuna.

Athyglin beinist nú að svæðisbundnu fjarskiptastofnununum, RTO (Regional Telecommunication Organizations) í Svæði 1, sem halda munu undirbúningsfundi nú í sumar.

918 síðna skýrsla CPM undirbúningsfundanna er komin út.

IARU svæðis 1 fundir í Friedrichshafen 2018 og 2019

Árlega hittast fulltrúar landsfélaga IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen og fara yfir stöðu amatörmála. Að þessu sinni er WRC-19 mönnum ofarlega í huga, en einnig er farið yfir hvað annað sem á döfinni er. Engin undantekning var á þessu í byrjun júní 2018. Þá vildi svo vel til, að nýlokið var í Genf einum af mörgum fundum í WP5A (Working Party 5A) hjá ITU í Genf, vinnuhópi um amatörmál, og mættir voru til Friedrichshafen þeir fulltrúar amatöra, sem hann sátu og gáfu skýrslu.

Frá IARU Svæðis 1 fundinum í Friedrichshafen 1. júní 2018. Niðurstöður í nýafstöðnum vinnufundi WP5A í Genf kynntar. Frá vinstri Hans Blondeel Timmerman, PB2T, ritari IARU Svæðis 1, Dale Hughes, VK1DSH, formaður í ITU vinnuhópi WP5A, sem gerði grein fyrir stöðunni eftir nýafstaðinn fund í Genf. Don Beattie, G3BJ, formaður framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1. Mynd TF3KB.

Varðandi aðalmálið að þessu sinni, dagskrárlið ráðstefnunnar nr. 1.1 um 50 MHz hefur útvíkkun Svæðis 1 í 50–54 MHz mætt andstöðu í vinnuhópnum, aðallega frá þremur löndum. Þar sem roðinn í austri rís, var andstaðan njét, þar til á síðasta fundi í ár, er ámálguð var eftirgjöf upp á 200 kHz í stað þeirra 2 MHz sem amatörar vilja.

Hitt kom meira á óvart, var „andóf" tveggja Evrópuríkja í formi ítarlegs Excel skjals, þar sem niðurstaðan var efasemdir um að raunverulegar þarfir radíóamatöra þarna væru 2 MHz. Á móti meintum þörfum radíóamatöra væru miklar samskiptaþarfir herja þessara landa á þessu bandi. Ekki náðist sammæli um þetta mál í vinnuhópnum, svo til kasta ráðstefnunnar í haust kemur kannski að skera úr.

Áfram heldur þessi vinna IARU að hagsmunum radíóamatöra á alþjóðavettvangi. Fulltrúar IARU sitja í öllum nefndum og ráðum,

Mætt við móttöku DARC í Friedrichshafen 2018, frá vinstri Hans Blondeel Timmerman, PB2T, ritari IARU Svæðis 1; Margreet Blondeel Timmerman, K2XYL; Kristján Benediktsson, TF3KB, IARU tengiliður Íslenskra radíóamatöra, ÍRA; Peter Young, VK3MV, stjórnarmaður í ástralska félaginu WIA og IARU Svæði 3; Dale Hughes, VK1DSH, WIA, formaður vinnuhóps WP5A, sem fjallar um amatörmál hjá ITU. Myndina tók Iris Hughes.

IARU verður með margvíslega starfsemi á Ham Radio messunni í Friedrichshafen 2019. Fyrir utan bás A1-599 og árlegan fund með fulltrúum landsfélaga Svæðis 1, verður afhending verðlauna á VHF og hærri tíðnum, SARL, suður-afríska félagið afhendir BFRA, búlgarska félaginu opinberan YOTA fána og morse lykil sem ræsing fyrir væntanlegar YOTA sumarbúðir í Búlgaríu í sumar þar sem YOTA fundur verður haldinn. Þá fundar hlustunarnefnd IARU (Monitoring System) um boðflennur á böndunum, en einnig verður EMCOMM fundur og fjallað um neyðarfjarskipti.

IARU vinnur áfram að framtíð amatörradíós, og verður með bás A1-599 í Friedrichshafen 2019.

Millifundur IARU Svæðis 1 í Vínarborg 26.–28. apríl 2019

Á milli ráðstefna IARU Svæðis 1, sem eru á þriggja ára fresti, eru haldnir árlegir 'millifundir' í Vínarborg (International Amateur Radio Union, Region 1 Interim meeting, Vienna, Austria), þar sem á dagskrá eru mál sem varða radíóamatöra í Svæði 1. Slíkur millifundur var haldinn 26–28 apríl 2019.

Þar komu saman 60 fulltrúar landsfélaga, nú í fyrsta sinn einn frá ÍRA, ásamt framkvæmdanefnd og formönnum vinnuhópa í IARU Svæði 1. Fyrir fundinum lágu 65 tillögur, sem fjallað var um í þremur vinnuhópum: C4-HF, C5-VUSHF og C7-EMC rafsegulsamhæfi. Eðlilega var WRC-19 mönnum ofarlega í huga.

Á sameiginlegum fundi C4-HF og C7-EMC nefnda í Vínarborg gerði Don Beattie, G3BJ, formaður framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1 grein fyrir þeirri miklu ógn sem steðjar að tíðnisviðinu, gangi áform bílaiðnaðarins óbreytt eftir, frá fyrirhuguðum þráðlausum hleðslustöðvum rafbíla. Mynd TF3KB.

24 samþykkt tilmæli er að finna í lokaskjalinu VIE19_Interim_Recs_C4-C5-C7.pdf, og fjalla um bandplön, keppnir, og ógnanir við amatörböndin af frá þráðlausum hleðslustöðvum rafbíla https://vienna.iaru-r1.org/conference-documents/general/. Þessar samþykktir taka gildi til bráðabirgða og bíða endanlegrar staðfestingar næstu 3ja ára ráðstefnu.

Frá fundi í vinnunefnd C7-EMC. Fyrir miðju í forsæti eru formaður nefndarinnar Tore Worren, LA9QL og Hilary Claytonsmith, G4JKS ritari. Þumalputtinn er formanns framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1, G3BJ, sem unnið hefur mikið með nefndinni að WPT málum, og hélt sameiginlegan yfirlitsfyrirlestur með C4-HF og C7-EMC nefndunum um þau mál, sjá aðra mynd. Mynd TF3KB.

Tíðnibaráttunni lýkur aldrei. Því höfum við tilhneigingu að gleyma í velgengninni. Tækifæri og ógnanir skiptast á, og nú eru bæði nýjar ógnanir og tækifæri á sjóndeildarhringnum.

Að loknum annasömum fundi stilltu nefndarmenn í C5-VUSHF vinnuhópnum sér upp fyrir myndatöku. Þeir 6 fyrir miðju í fremri röð, með sjáanlegt nafnspjald, eru frá vinstri: Sylvain Azarian, F4GKR, REF, stjórnarmaður í framkvæmdanefnd IARU Svæðis 1; Jörg Jährig, DJ3HW, DARC; Jacques Verleijen, ON4AVJ, formaður C5 vinnuhópsins í IARU Svæði 1; Dave Court, EI3IO, formaður tíðnimála- og reglugerðanefndar IARU Svæðis 1; Ivan Stauning, OZ7IS, EDR; og Hans Utne, LA6IM(/TF8BK), VUSHF-umsjónarmaður NRRL. Mynd TF3KB.

Frá sameiginlegum lokafundi nefndanna þriggja, þar sem Don Beattie, G3BJ, formaður EC (Executive Committee, Region 1), framkvæmdastjórnar IARU í Svæði 1, brýnir menn til dáða. Mynd TF3KB.

Ógnanir og tækifæri

Ný ógn við stuttbylgju eru óskir bílaiðnaðarins um þráðlausar hleðstustöðvar fyrir rafbíla, WPT (Wireless Power Transfer).

Hér er ekki verið að tala um að sendingar okkar á stuttbylgju geti orðið nokkrum desíbelum undir truflunun, nei, heldur mörgum tugum, 40–60 desíbelum undir truflunum. Stuttbylgjan gæti drukknað algerlega og horfið, einkum lægri böndin, sjá graf.

Um þetta hefur verið fjallað mikið, en bílaiðnaðurinn heldur fast við sinn keip og IARU fylgist með og sækir fundi. Í maí/júní 2019 var 7 daga fundur í vinnuhópnum Study Group1 í Genf um þróun þessarar tækni. Forseti IARU Svæðis 1, Don Beattie, G3BJ var á staðnum allan tímann. Unnið hefur verið áfram að skoðun á tíðnisviðinu 100–148,8 kHz til nota fyrir lágafls- og ferðahleðslustöðvar. Til skoðunar eru líka tíðnirnar 20, 60 og 85 kHz og möguleikar á að nota „hleðslugeisla“ fyrir fjarhleðslu. Vandamálin eru kassabylgjan og allar yfirsveiflurnar sem myndu dreifast út frá þessum stöðvum langt langt upp eftir tíðnisviðinu, og ekki bætir úr skák, að tíðnirnar er sagðar ekki geta verið stöðugar, heldur þurfi að sveiflast fram og til baka, til að hámarka nýtni, sem gefur ekki góðar vonir um að yfirsveiflurnar verði bandþröngar.



Draumasölutrix bílaiðnaðarins: Rafbíll sem ekki þarf að stinga í samband! (hvers vegna ættum við að þurfa að hreyfa okkur út úr bílnum, hleðslan tekur ekki nema nokkra klukkutíma...:). Og eins og einn framámaður þeirra sagði, „hvað eruð þið radíóamatörar að kvarta, eru þið ekki vanir truflunum“?



Grafið sýnir mörk truflana skv. ITU_R SM.329–12 og CEPT Rec 74–01 miðað við bakgrunnssuð skv. ITU-R P.372-13 og áætlaða útgeislun frá hleðslustöðvum.

Þá er alveg ný ógn gagnvart 2ja metra bandinu komin fram. Frakkar hafa lagt til mögulegan dagskárlið WRC-23 ráðstefnunnar, að íhuga að úthluta flugþjónustunni 144–146 MHz bandið í forgangsflokki 1, sem lið í víðari stefnumótun úthlutana til þjónustunnar.

IARU lítur þetta mjög alvarlegum augum, og mun andmæla með oddi og egg, því tveggja metra bandið er lykil VHF band, eitt af fáum tíðnisviðum fyrir ofan 30 MHz, þar sem amatörar eru í forgangsflokki 1.

Önnur tillaga snýr að 23 cm bandinu, 1240–1300 MHz, þar sem kvartað hefur verið undan truflunum radíóamatöra á Galíleó staðsetningarkerfinu. IARU vill ekki að slíkar truflanir eigi sér stað, og leggur til að málið verði skoðað í viðeigandi CEPT vinnuhópi. IARU mun taka að fullu þátt í samstarfi um slíka skoðun.

IARU fer fram á að félagsmönnum sé sagt frá þessu ógnum við 2 m og 23 cm böndin, en biður menn um að forðast hástemmdar opinberar yfirlýsingar áður en málin hafa skýrst betur.

Nýju írsku böndin 30–49 MHz og 54–69,9 MHz – nýtt tækifæri

Óvænt tækifæri rak á fjörurnar í maí 2018, þegar írskir radíóamatörar fengu víkjandi heimild til að nota tíðnisviðið 30–49 MHz og 54–69,9 MHz. Þetta spurðist út í Friedrichshafen í byrjun júní 2018. Meðan IARU er í tvísýnni baráttu við að bæta „aðeins“ tveimur megariðum við 52–54 MHz bandið í Svæði 1, á WRC-19 kom þessi 34,9 megariða írska viðbót upp úr þurru, heldur betur á óvart.

IRTS, írska félagið leitaði aðstoðar og sendi út beiðni til annarra landsfélaga um tillögur um hvernig að skipuleggja mætti notkun þessara banda. Umsagnir bárust frá EI7GL, EI8EJB, EI8JA, G3XBM, KU3N, LY2YR, ON4TA og TF3KB.

Dave Court, EI3IO, formaður tíðnimála- og reglugerðanefndar IARU Svæðis 1, gerði á fundinum í Vínarborg grein fyrir stöðu þessara banda og þeim bandplönum, sem IRTS hefur gert, og lesa má um hér: https://vienna.iaru-r1.org/wp-content/uploads/2019/01/VIE19-C5-002-IRTS-40-and-60-MHz-bandplans.pdf

Til að stytta langt mál, má segja að tvö sjónarmið hafi komið fram, það er annarsvegar að gera á þessum böndum „meira af því sama,“ sem er nokkurn veginn það sem birtist í bandplönum IRTS og EI3IO sagði berum orðum í Vínarborg, að hefði verið aðferðin. Hinsvegar lagði TF3KB fyrir Vínarfundinn tvær tillögur, í anda áður innsendrar umsagnar til IRTS um að líta á þessi breiðu bönd sem stórkostlegt tækifæri til að gera líka eitthvað nýtt. Opna böndin fyrir frjálsum tilraunum radíóamatöra með nýjar og áður óþekktar útsendingartegundir, m.a. á grunni, sem lesa má um hér:

https://www.vtvt.ece.vt.edu/research/references/uwb/overview/DOGMA2.pdf

Hugmyndirnar um „eitthvað alveg nýtt,“ eiga sér einnig nokkurn bakgrunn, sem lesa má inngang að í fyrri greinargerðinni hér:

https://vienna.iaru-r1.org/wp-content/uploads/2019/01/VIE19-C5-023-IRA-Costas-Loop-Prize.pdf

Ekki náðist hinsvegar um þetta marktæk umræða, svo hún mun bíða betri tíma.

Hvort sem er á þessum nótum eða öðrum, eru þarna ýmis tækifæri fyrir íslenska radíóamatöra, til dæmis að kanna skilyrðin með því setja upp radíóvita á þessum böndum, því nágrannar okkar eru duglegir að hlusta í vestur- og norðvesturátt.

Ungmennastarfið – tækifæri til framtíðar

IARU gengst fyrir umtalsverðri starfsemi meðal ungs fólks til að efla áhuga á amatörradíói.

Eitt fyrsta ef ekki fyrsta YOTA (Youngsters on the Air) mótið var haldið í Hollandi og Belgíu 2012 https://www.ham-yota.com/category/yota-2012/ og stóð YOTA frumkvöðullinn Lisa Leenders, PA2LS að því, og hefur hún síðan verið mjög ötul á þessu sviði og var ráðin sem formaður vinnuhóps IARU Svæðis 1 um YOTA mál.

YOTA er hópur ungra radíóamatöra í Svæði 1, flest undir 26 ára aldri. Árlega er aðal YOTA mót Svæðis 1 í einhverju landi Svæðis 1, þar sem þau hittast og njóta gæðatíma saman. Ekki bara til að leika leiki og hafa gaman saman, heldur koma fram með nýjar hugmyndir, verkefni og áætlanir fyrir framtíðina.

Gríðarlega fjölbreytt og vel heppnað YOTA mót var haldið í Suður-Afríku 2018 https://www.ham-yota.com/category/yota-2018/ og næsta mót verður í Búlgaríu 11.–17. ágúst 2019.

Í ÞÞ, þjálfun þjálfarans, TTT, ‚Train the Trainer' felst að efla áhuga ungs fólks á því að þjálfa og efla áhuga annars ungs fólks á þeim fjölmörgu sviðum, sem amatörradíó hefur upp á að bjóða, svo sem að fræða ungt fólk um: amatörradíó, DX sambönd og hvernig þau ganga fyrir sig, lóða saman einföld sendiviðtæki, hafa sambönd við vini, fræða um smíði loftneta, setja upp loftnet, ganga á SOTA tinda með amatörtæki, smíða WSPR sendiviðtæki, skipuleggja og miðla mörgu af þessu áfram með öðrum, o.m.fl.

Hugmynd sem tók snemma flug á YOTA mótum var ‚þjálfun þjálfarans,' TTT ‚Train the Trainer,' sem gengur út á að mynda hópa áhugasamra ungmenna og ungmennafulltrúa til að skiptast á skoðunum um hugmyndir og reynslu af því að efla áhuga meðal ungs fólks, og nái með því móti að breiða áhugann út hraðar en ella. Verður lögð áhersla á þetta í Búlgaríu.

Í einstöku löndum eða minni landsvæðum eru síðan haldin svæðisbundin YOTA mót, svo sem norðurlandamótin NOTA, Nordics on the air, sem var í Svíþjóð í fyrra, en í ár um páskahelgina í Finnlandi 19.–22. apríl https://www.ham-yota.com/nota/.

Þar mætti Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, nýskipuð fyrsti ungmennafulltrúi ÍRA fyrir hönd, félagsins. Þátttakendur voru um 40 frá öllum norðurlöndunum,

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ. ungmennafulltrúi ÍRA var fulltrúi félagsins á NOTA, Nordics on the Air í Finnlandi um páskahelgina 2019.

auk gesta frá öðrum evrópulöndum. Dagskrá SRAL, finnska félagsins var mjög vönduð og vel staðið að öllu, bæði í gistingu og mat. Elín var með þrjú erindi á dagskrá mótsins, auk þess sem hún hafði með sér íslenskt „nammi," sem var boðið viðstöddum og var mjög vinsælt

„Kids day" er enn einn nýr viðburður meðal ungs fólks, haldinn var í annað sinn 15. júní 2019. Tilgangurinn er að skapa tækifæri til að deila amatörradíói með fjölskyldu, börnum og barnabörnum of gefa ungu fólki tækifæri, kannski í fyrsta sinn, til að hafa samband á radíóamatörvísu gegnum radíótæki, og kynnast nýju fólki gegnum radíótækin, með því að gefa upp nafn, aldur, staðsetningu og uppáhaldslit, eða hvað annað sem áhugamálið er.

Umtalsverður árangur

Man einhver eftir því þegar 30, 17 og 12 metra böndin voru ekki til? Þá datt fáum í hug, nema IARU, að þessi bönd fengjust til afnota fyrir okkur, en það tókst!

W(A)RC 1979
- 30, 17 og 12 metra böndin

WRC 2003
- nýjar ITU reglur um amatörradíóþjónustuna
- M.1544, lágmarkskröfur til radíóamatöra
- Samræming 40m bandsins (7,1–7,2 MHz í Svæði 1)

WRC 2007
- Nýtt alheimsband á 135 kHz

WRC 2012
- Nýtt alheimsband 472–479 kHz

WRC 2015
- Nýtt víkjandi alheimsband 5351,6–5366,6 kHz
- Öll bönd vernduð, engin tíðnisvið hafa tapast

IRTS 2018
- Ný írsk bönd 30–49 MHz og 54–69,9 MHz

Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2019/20

Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður

Á fundi í stjórn ÍRA þann 11. júní 2019 var samþykkt starfsáætlun fyrir starfsárið 2019/20. Það er í samræmi við ákvæði í 9. gr. laga félagsins, þar sem segir m.a. að „varaformaður sinni starfsáætlun og framkvæmd hennar“. Áætlunin er birt hér á eftir.

1. Rekstur

Stjórn félagsins mun halda stjórnarfundi samkvæmt áætlun sem samþykkt var á fyrsta fundi stjórnar á starfsárinu, þ.e. um það bil mánaðarlega (eða eftir þörfum) og birta fundargerðir á heimasíðu, á tilkynningatöflu í fjarskiptaherbergi og í félagsritinu CQ TF. Haldið verður áfram útgáfu CQ TF sem hefur gengið vel og mælst vel fyrir. Sjá nánar neðar.

2. Samskipti

Jákvæð og uppbyggileg samskipti við aðila í nærumhverfinu sem og í fjærumhverfinu eru ÍRA nauðsynleg. Miðað er við að einn stjórnarmaður (í það minnsta) verði ætíð til staðar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi til að auðvelda félagsmönnum samskipti við stjórn. Lögð verður áhersla á fagleg og jákvæð samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun. M.a. verði stefnt að árlegum samráðsfundum á milli aðila. Það sama á við um samstarf við IARU, IARU Svæði 1, NRAU og annað alþjóðlegt samstarf.

3. Félagsaðstaða

Félagsaðstaðan og rekstur hennar er þungamiðjan í starfi félagsins, þ.e. samkomusalur, fjarskiptaherbergi, kortastofa og (vísir að) smíðaaðstaða ásamt geymsluherbergi í kjallara. Almenn opnunarkvöld eru á fimmtudögum en til greina kemur að staðið verði fyrir viðburðum á öðrum vikudögum sem þá verða auglýstir sérstaklega. Áfram verður lögð áhersla á gott samstarf við aðra sem hafa aðstöðu í húsinu.

4. Félagsstöðin TF3IRA

Markmiðið hefur verið að félagsstöðin sé þannig búin að hún geti svarað þörfum félagsins með að hægt sé að stunda fjarskipti í sem flestum tíðnisviðum radíóamatöra og á sem flestum tegundum útgeislunar. Áfram verður unnið að endurbótum á búnaði stöðvarinnar og viðhaldi og uppsetningu loftneta ásamt því að einfalda skipulag og aðgang félagsmanna. Stuðlað verður að þátttöku í helstu alþjóðlegum keppnum og leikum og að stöðin sé opin og virk á opnunarkvöldum. Stefnt verður að því að ljúka við stefnumótun um málefni stöðvarinnar á starfsárinu.

5. Fræðsludagskrá 2019/20

Fyrri hluti fræðsludagskrár verður í boði í október/desember 2018 (til kynningar í 4. tbl. CQ TF 2019) og síðari hluti verður í boði í janúar/mars 2019 (til kynningar í 1. tbl. CQ TF 2020). Viðburðir verða jafnóðum til kynningar á heimasíðu félagsins og öðrum miðlum (á vettvangi áhugamálsins). Stefnt verður að auknu framboði viðburði í boði á laugardögum og sunnudögum um sértæk málefni.

6. Miðlar

CQ TF kemur áfram út á rafrænu formi (PDF) á heimasíðu félagsins og miðað við að gefin verði út fjögur blöð á starfsárinu. Heimasíðan og samfélagsmiðlar verða áfram nýttir til upplýsingamiðlunar og samskipta við félagsmenn. Ennfremur verður Póstlisti ÍRA, irapostur@groups.io opinn til samskipta fyrir félaga.

7. Kynningarmál

Áfram verður unnið að kynningu á áhugamálinu og á starfsemi félagsins á sem víðustum grundvelli. Blaðaútgáfa, heimasíða og samfélagsmiðlar nýtast einkum í þessum efnum.

Kynningarefni um starfsemi ÍRA sem í dag er sent öllum nýjum félagsmönnum og var tilbúið í október 2018 (svokallað ávarpsbréf) verður áfram notað. Í annan stað, verður lögð áhersla á að ljúka gerð nýs og vandaðs kynningarefnis um amatör radíó og starfsemi félagsins sem er hugsað fyrir þá sem spyrjast fyrir um áhugamálið og félagið. Þetta efni verður sett upp í fjórblöðung og prentað í lit. Miðað er við að það nýtist jafnframt til innsetningar á heimasíðu.

Væntingar eru bundnar við embætti sérstaks ungmennafulltrúa ÍRA sem tók formlega til starfa í desember 2018 með þátttöku í svokölluðu YOTA verkefni. Hugmyndin er, að embættið muni einnig annast samvinnu við radióskáta, svo sem vegna JOTA/JOTI viðburða. Starf ungmennafulltrúa verður nánar til þróunar á starfsárinu.

Stjórn ÍRA mun vinna á starfsárinu að mótun hugmynda um kynningarmál á breið-um grundvelli. Hér er m.a. átt við kynningu í skólum, fyrirtækjum og stofnunum sem og með greinarskrifum í opinbera prentmiðla eftir því sem tækifæri gefast. Ljóst er, að verkefni af þessu tagi er viðamikið og verður ekki lokið á einu starfsári, því er miðað við að drög að skipulagi verði tilbúið fyrir lok stjórnarársins.

7. Námskeið

Námskeiðahald til amatörprófs hefur ávallt tilheyrt kjarnastarfsemi félagsins og mun svo verða áfram í góðri samvinnu við prófnefnd, umsjónarmann námskeiða (TF3PW) og Póst- og fjarskiptastofnun. Næsta námskeið er fyrirhugað í október 2019 og verður athugað með námskeið sem hefst í janúar/febrúar 2020. Áfram verður unnið að mótun stefnu fyrir námskeiðahaldið, þ.m.t. uppfærslu námsefnis. Í annan stað verður lögð áhersla á að skilgreina helstu markhópa, sem komi til með að endurspeglast í auglýsingum félagsins.

8. Endurvarpar / stafvarpar / radíóvitar

Félagið mun áfram styðja uppbyggingu og viðhald endurvarpa, stafvarpa og radíóvita í samráði við VHF stjóra félagsins og vaxandi hóp félagsmanna með áhuga á því sviði.

9. Tíðnimál og önnur réttindi

Stjórn ÍRA mun áfram huga að núverandi réttindum leyfishafa og verndun þeirra, auk þess að sækja um rýmri tíðnisvið og aukið afl í góðri samvinnu við stjórnvöld. Sérstaklega er litið til væntanlegra nýrra samþykkta um 50 MHz bandið á tíðniákvörðunarráðstefnu ITU í nóvember 2019.

48 ár frá stofnun QSL FÉLAGS innan ÍRA

Á þessu ári, 2019, verða liðin 48 ár frá stofnun formlegs QSL félags innan ÍRA. Hér fyrir neðan er endurbirt frásögn Sigrúnar Gísladóttur, TF3YL (sk) sem birtist í 2. tbl. CQ TF 1971, en Sigrún var fyrsti QSL stjóri kortafélagsins. Félagið var rekið á sameignargrundvelli í rúman áratug uns verkefnið færðist á ný til félagsins.

QSL bureau fyrir TF

Nú nýlega stofnuðu nokkrir félagar í ÍRA með sér QSL félag til, þess að annast móttöku og sendingu á QSL kortum fyrir TF.

Félag þetta var stofnað vegna þess, að alla tíð hefur QSL þjónusta verið félaginu erfið og fjárhagslega þungur baggi. Þessi lausn á málinu, að halda þessari starfsemi fyrir utan ÍRA þannig, að aðeins þeir sem þurfa á QSL þjónustu að halda, greiði fyrir hana sérstaklega, en að ekki séu teknir peningar úr sameiginlegum félagssjóði, til greiðslu á þjónustu fyrir nokkra menn, virðist hafa fengið góðan hljómgrunn og þess vegna ástæða til að, kynna starfandi amatörum hana betur.

Öllum leyfishöfum svo og hlusturum, er hafa TF hlustaramerki er heimil innganga í félagið og geta

Sigrún Gísladóttir TF3YL var fyrsti QSL stjóri QSL félags sem stofnað var innan ÍRA árið 1971. Ljósmynd: TF3KM.

þeir sent sín kort til allra landa í gegnum félagsbureauið. Árgjald hvers félaga er kr. 500.- , er greiðist við fyrstu kortasendingu.

QSL kort verða send frá bureauinu að minnsta kosti tvisvar á ári, en að sjálfsögðu oftar, ef mikið magn af QSL kortum berst til sendingar. QSL kortin verða send á bureau hvers lands um sig þannig að öruggt má teljast að þau komist til skila. Öll kort eru send sjóleiðis.

Nú þegar hafa 10 manns gerst meðlimir í QSL félaginu og allmikið magn af kortum verið sent. Fyrirkomulag á móttöku og sendingu á kortum verður þannig í framtíðinni, að QSL skápurinn í félagsheimilinu mun verða innréttaður þannig, að hver meðlimur fái sitt hólf, þar sem hann getur gengið að sínum QSL kortum, sem borist hafa, en QSL kort til útsendingar leggja meðlimir í möppu, sem komið verður fyrir í skápnum. Þetta fyrirkomulag kemur til með að auðvelda öllum aðilum vinnu og fyrirhöfn í sambandi við kortin og ætti að verða mun þægilegra en verið hefur.

Ég vonast til, að sem flestir hagnýti sér þessa þjónustu og gerist félagar í QSL félaginu og þar, sem þetta er enn á byrjunarstigi, tek ég þakksamlega við öllum ábendingum og fyrirkomulagsbreytingum, sem fram koma.

73/88 - TF3YL, QSL Manager.

(Heimild: CQ TF, 2. tbl., 1971).

TF útileikarnir 40 ára; 1979–2019

TF útileikarnir verða haldnir um verslunarmannahelgina, dagana 3–5. ágúst og verða þá 40 ár síðan þeir voru fyrst haldnir. Stjórn ÍRA samþykkti á 4. fundi 2019/20, að til að halda upp á þessi tímamót verði veglegir verðlaunabikarar veittir fyrir bestan árangur í 1.–3. sæti og skrautrituð verðlaunaskjöl fyrir 4.–5. sæti.

Til fróðleiks eru fyrstu keppnisreglur leikanna birtar hér á eftir, eins og þær voru kynntar í 5. tbl. fréttabréfs ÍRA sem kom sem kom út í júlí 1979.

Glæsileg verðlaun eru í boði fyrir bestan árangur í 1.–3. sæti.

Úr 5. tbl. Fréttabréfs ÍRA, 14. júlí 1979.

Fréttabréf ÍRA

1. ÁRGANGUR. 5. TÖLUBLAD. JÚLÍ 1979.

OSCAR-gervitunglin má vafalaust telja ein veglegustu afreksverk radíóamatöra og ágæt dæmi um alþjóðlega samvinnu þeirra eins og hún gerist best. Hinir jónu hlutar gervitunglanna eru smíðaðir og hannaðir hver á sínum stað , víða um heim, og loks er verkinu komið saman og hver hluti margprófaður fyrir geimskotið eins og að líkum lætur.

Nú eru virk tvö nýjustu gervitunglin, OSCAR 7 og OSCAR 8. Upplýsingar um sendingar þeirra og staðsetningu yfir jörðu á hverjum tíma má lesa út úr töflum sem m.a. eru birtar mánaðarlega í amatörtímaritinu QST (útg. ARRL), ásamt sérstökum kortum sem gerð eru til þess arna. Tæmandi upplýsingar um gang gervitunglanna væri of langt að rekja hér, en áhugasömum mönnum með viðtæki á 10 m bandinu

Stjórn Í.R.A. hefur þá ánægju, að kynna fyrstu TF útileikana, sem haldnir verða um verslunarmannahelgina 1979. Tilgangur þeirra er að örva áhuga og hæfni íslenskra radíóamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlega stöðva við sambönd. innanlands. Skipulagning; leikanna er með “contest” sniði, en þó með þeim mun, að hámarks þátttökutími hverrar stöðvar er 9 klst. skipt í þrjú þriggja stunda tímabil. Með þessu móti þurfa menn ekki að hafa sambönd. í einum spreng í langan tíma, eins og í venjulegri keppni, heldur hafa menn tíma til að koma sér fyrir, prófa mismunandi loftnet, hafa QSO af öðru en keppnistagi og síðast en ekki síst fær fjölskyldan etv. tækifæri til að fá áheyrn við og við. Reglumar eru eftirfarandi:

1. **Tími:** Hverjum þátttakanda er heimil þátttaka á eftirfarandi tímabilum:
   kl. 1500 – 1800 GMT laugardag 4. ágúst
   kl. 0800 – 1100 GMT sunnudag 5. ágúst
   kl. 1800 – 2100 GMT sunnudag 5. Ágúst
2. **Skilaboð:** TF stöðvar skiptist á eftirtöldum upplýsingum:
   a) RST + QSO númer(001, 002 os.frv.)
   b) QTH
   c) loftnet
   d) inngangsafl í wöttum + stafirnir ER eða RA.

ER þýðir að stöðin fái rafmagn sitt Ekki frá Rafveitukerfi. RA þýðir að stöðin fái rafmagn sitt frá RAfveitukerfi. Dæmi: 569 001 Hengill LW 5W ER

Sé skipt við erlenda stöð, skal tekið á móti frá henni: a) RST; b) Nafn; c) QTH; QSO númer skal skráð í dagbók en ekki sent.

3. **Fullgild QSO:** Samband telst þá og því aðeins fullgilt, að:
   a) Báðar stöðvar hafi náð kallmerkjum réttum.
   b) Skilaboð séu rétt móttekin hjá báðum.
   c) Heyrst hafi R (Roger = allt rétt móttekið) frá stöðinni, sem skipt er við, um að hún hafi náð öllu réttu.
   d) Ekki hafi verið haft samband. við stöðina áður á við komandi bandi og þátttökutímabili.
4. **Tegundir útgeislunar:** Allar tegundir útgeislunar, sem eru leyfilegar skv. leyfisbréfi.
5. **Punktar:** Aðeins eru reiknaðir punktar fyrir fullgild sambönd. þannig:
   8 p. fyrir ER stöðvar(Ekki tengdar við rafv.).
   4 p. fyrir RA stöðvar(Tengdar við rafveitu).
   2 p. fyrir stöðvar utan Evrópu.
   1 p. fyrir erlendar stöðvar í Evrópu.

   Heimilt er að hafa QSO við sömu stöð á fleiri en einu bandi. Einnig er heimilt að hafa QSO við sömu stöð á öllum þátttökutímabilunum. Fyrir þetta reiknast punktar eins og um nýja stöð væri að ræða.
6. **Margfaldari:** Hann er fjöldi íslenskra kallmerkja, sem haft var QSO við óháð bandi eða tíma.
7. **Lokaárangur:** Lagðir eru saman punktar fyrir öll fullgild QSO á öllum böndum og þátttökutímabilum og margfaldað með margfaldara. Sú útkoma er síðan margfölduð með 5 fyrir ER stöðvar og 2 fyrir RA stöðvar.
8. **Flokkar:** Keppt er í 4 flokkum eftir inngangsafli þannig:
   I. 0 Wött = hlustarar.
   II. >0 – 5 Wött

III. >5 – 50 Wött

IV. yfir 50 Wött

9. **Bönd:** Öll amatörbönd leyfileg skv. leyfisbréfi.

10. **Hlustarar:** Þeim reiknast punktar á grundvelli fullgildra sambanda, sem þeir heyra og skrá. Að öðru leyti gilda UM þá SÖMU reglur og aðra.

11. **Þátttaka:** Hún er öllum heimil innan íslenskrar lögsögu í samræmi við leyfisbréf hvers og eins.

12. **Dagbók:** Afriti af dagbók skal skila til stjómar Í.R.A. fyrir 15. sept. 1979. Þar skal vera skráð: kallmerki, tími, dags. band, punktar, margfaldari og skilaboð bæði send og móttekin. Nota skal sér blað fyrir hvert band. Með þessu skal fylgja samantektarblað, sem sýnir fjölda punkta á hverju bandi, flokk, kallmerki, nafn., heimilisfang og lokaárangur. Ummæli eða álit á leikunum eru vel þegin.

13. **Vafaatriði:** Rísi einhver vafaatriði um túlkun þessara reglna hefur stjórnin, eða þeir, sem hún tilnefnir endanlegt úrskurðarvald.

14. **Viðurkenningar:** Verður veitt hæstu stöð í hverjum flokki, svo og öllum ER stöðvum.

Eins og fram kemur í texta fréttabréfsins, voru 1. útileikarnir kynntir í nafni þáverandi stjórnar ÍRA. Því skal hins vegar haldið til haga, að Kristján Benediktsson, TF3KB, lagði fram megnið af undirbúningsvinnu við verkefnið. Það var honum að þakka að tókst að ljúka undirbúningi í tíma fyrir verslunarmannahelgina 1979.

Stjórn ÍRA 1979–1980 var skipuð eftirtöldum leyfishöfum:

Formaður: Kristján Benediktsson, TF3KB.

Varaformaður: Jónas Bjarnason, TF3JB.

Ritari: Sigurður Jakobsson, TF3CW.

Gjaldkeri: Gísli Ófeigsson, TF3US.

Meðstjórnandi: Sigurbjörn Bjarnason, TF3SB.

Hér á eftir eru upplýsingar Einars Kjartanssonar, TF3EK, um tilhögun og reglur TF útileikanna 2019.

73, TF3JB.

TF útileikarnir 2019

Einar Kjartansson, TF3EK

TF útileikar eru haldnir um verslunarmannahelgi. Markmið er m.a. að auka færni radíóamatöra í fjarskiptum innanlands og þekkingu á útbreiðslu radíóbylgna. Leyfishafar sem eru staddir á landinu geta tekið þátt.

Hafa má sambönd á 4 böndum: 160 m, 80 m, 60 m og 40 m. Sambönd á hærri tíðnum teljast eins og sambönd á 40 m.

Tilgreind tímabil hér að neðan eru einungis til að þétta virknina en sambönd utan þeirra skrást jafnt til stiga. Þátttökutímabil:

17–19 laugardag

09–12 sunnudag

21–24 sunnudag

08–10 mánudag

Þó má hafa samband hvenær sem er um verslunarmannahelgina, enda fari heildarþátttökutími hverrar stöðvar ekki yfir 9 klst., miðað við höfð QSO.

a) Ef stöð er opnuð og haft samband, telst tíminn minnst 30 mínútur, jafnvel þótt aðeins sé um eitt samband að ræða. Hver byrjaður hálftími til viðbótar reiknast 30 mín.

b) Samband við sömu stöð á sama bandi telst gilt svo fremi að a.m.k. 8 klst. séu liðnar frá fyrra sambandi.

c) Þrjú sambönd er hámarks fjöldi sambanda sem er heimilaður við sömu stöð á sama bandi.

d) Lágmarks upplýsingar sem skipst er á eru QSO raðnúmer (001 o.s.frv.) og QTH (staðsetning) Viðbótar stig fæst ef einnig er skiptst á RS(T) og afli.

e) QTH má gefa upp sem fjögurra eða sex stafa Maidenhead locator, t.d. HP94bc (sjá t.d. http://www.arrl.org/grid-squares) eða breidd og lengd, í heilum gráðum, t.d. 6421.

f) RS(T) táknar læsileika, styrk og tón merkisins (tónn er aðeins notaður á Morsi). Miðað er við afl frá sendi í loftnet, í Wöttum.

g) Stigafjöldi fyrir hvert samband fer eftir staðsetningu í reitum sem skilgreindir eru með 4 stafa Maidenhead locator, t.d. HP94. Eitt eða tvö stig fást fyrir sambönd innan sama reits, fyrir sambönd milli reita bætist við samanlagður mismunur á númerum reita norður og austur, þannig gefur fullt samband milli HP83 og HP94 4 stig en samband milli HP94 og IP04 gefur 3 stig.

h) Einn margfaldari, sem fer eftir fjölda reita sem sent er frá, er notaður til að reikna endanlegan stigafjölda. Margfaldarinn er 3 ef öll sambönd eru frá sama reit, ef sent er frá fleiri reitum bætist einn við fyrir hvern reit, þó verður margfaldarinn ekki hærri en 6.

i) Keppnisdagbækur þurfa að innihalda dagsetningu, tíma, tíðni (í kHz), kallmerki, QSO sent, QTH sent, RS(T) sent, afl sent, QSO móttekið, QTH, RS(T) móttekið og afl móttekið.

j) Dagbókum má skila með því að fylla út eyðublað á vefsíðunni eik.klaki.net/cgi-bin/utileikar. Það sýnir útreikning stiga. Hægt er að skrá í eyðublaðið jafnóðum. Einnig má senda dagbækur í tölvupósti á ira@ira.is. Frestur til að ganga frá dagbókum rennur út á miðnætti næsta mánudag eftir verslunarmannahelgi.

k) Stjórn ÍRA, eða aðili sem hún tilnefnir, sker úr um vafaatriði varðandi túlkun á þessum reglum.

CQ WW WPX keppnin 2019, bráðabirgðaniðurstöður

Keppnisnefnd CQ World Wide WPX keppninnar, hefur birt bráðabirgðaniðurstöður (e. raw scores) úr SSB og CW hlutum keppninnar sem fram fóru 30.–31. mars s.l. og 25.–26. maí s.l.

Að þessu sinni sendu 6 TF-stöðvar inn gögn í 5 keppnisflokkum í SSB hluta (auk viðmiðunardagbókar) og 5 stöðvar í 3 keppnisflokkum í CW hluta.

Meðfylgjandi upplýsingar sýna skiptingu í keppnisflokka og árangur yfir heiminn samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum (dálkur lengst til hægri), annarsvegar fyrir SSB og hinsvegar fyrir CW. Allar stöðvarnar voru í einmenningsflokki að þessu sinni. Bent er á, að við úrvinnslu geta endanlegar niðurstöður tekið breytingum sem nemur 5-10% (eða meir).

CQ WW WPX 2019, bráðabirgðaniðurstöður í SSB hluta		
20 metrar, án aðstoðar, lágafl	TF3EK	260
80 metrar, án aðstoðar, háafl	TF3T	22
Öll bönd, án aðstoðar, háafl	TF2LL	131
Öll bönd, með aðstoð, háafl	TF3DT	512
Öll bönd, án aðstoðar, lágafl	TF8KY	521
Öll bönd, án aðstoðar, lágafl	TF8TY	997
Viðmiðunardagbók	TF3DC	
CQ WW WPX 2019, bráðabirgðaniðurstöður í CW hluta		
20 metrar, án aðstoðar, háafl [1]	TF3Y	82
20 metrar, með aðstoð, lágafl	TF3AO	76
20 metrar, með aðstoð, lágafl	TF3DC	81
Öll bönd, án aðstoðar, lágafl	TF3GB	265
Öll bönd, án aðstoðar, lágafl	TF3VS	313

[1] *Kallmerki með undirflokkunina „TB-Wires“.*

Árangurinn byggist líka á grunngildunum

Það varð snemma ljóst, að án tíðna værum við ekki radíóamatörar.

Síðan einhver sagði „verði ljós,“ hafa tíðnisviðin ekki komið til okkar sjálfkrafa af himnum ofan. Alþjóðasamtök radíóamatöra, IARU (International Amateur Radio Union), hafa alla tíð þurft að berjast fyrir öflun og eflingu tíðnisviða okkar.

Nú þegar tíðnisvið eru hátt metin og boðin út fyrir offjár, þurfa spurningar um endurgjald radíóamatöra kannski ekki að vera langt undan.

Endurgjaldið er í formi samfélagsþjónustu. Amatörradíó er ekki bara hobbý, heldur vel metin og skilgreind amatörradíóþjónusta samkvæmt reglugerð Alþjóðafjarskiptastofnunarinnar, ITU (International Telecommunication Union), sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna:

Amatörradíó hefur verið skilgreind: „Þjónusta sjálfsþjálfunar, innbyrðis radióviðskipta og tæknilegra athugana, sem framkvæmdar eru af radíóamatörum, þ.e. mönnum með viðeigandi leyfi og persónulegan áhuga á radíótækni, án fjárhagslegrar ágóðavonar.“

Endurgjaldið er virkni okkar hvers og eins.

Grasrótarhreyfing sjálfsþjálfunar og tækniþekkingar í radíótækni, sem upp úr sprettur margvíslegur ávinningur fyrir samfélagið, svo sem áhuga- og atvinnumenn, sem láta gott af sér leiða á margvíslegum fjarskiptatengdum vettvangi, í björgunarsveitum og neyðarlínu, jeppa- og fjallafjarskiptum, skipa- siglinga- og flugfjarskiptum, meðal skáta, í háskólum, útvarps- og sjónvarpsstöðvum og dreifingu, svo aðeins sé minnst á fátt eitt sem er algerlega að virka sem virðisauki fyrir samfélagið.

Fyrir þetta hafa aðildarlönd ITU samþykkt, að úthluta radíóamatörum sérstökum tíðnisviðum af þessari takmörkuðu auðlind.

73 de TF3KB

Vita- og vitaskipahelgin 17.–18. ágúst 2019

Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin fer fram 17.–18. Ágúst 2019. Viðburðurinn er haldinn á vegum *Ayr Amateur Radio Group* í Skotlandi. Helgin er 2 sólarhringa viðburður, en miðað er við að flestir sem koma til dvalar í vita, á vitaskipi eða í nágrenni vita hafi komið sér fyrir upp úr hádegi á laugardag.

Þegar fengist hefur heimild til fjarskipta frá tilteknum vita (eða innan lóðar vita) þarf að skrá kallmerki og aðrar upplýsingar hjá skoska klúbbnum. Best er að ganga frá skráningu með góðum fyrirvara. Þegar þetta er skrifað (16. júní) er ekki komin skráning á íslenskum vita inn á heimasíðuna. Skrá þarf eftirfarandi upplýsingar:

(1) Nafn leyfishafa (eða handhafa leyfisbréfs sameiginlegrar stöðvar);
(2) þjóðland;
(3) tölvupóstfang ábyrgðaraðila;
(4) kallmerki sem verður notað;
(5) nafn á vita eða vitaskipi;
(6) skráningarnúmer vitans hjá ILLW (t.d. IS0001 sem er fyrir Knarrarósvita);
(7) QSL upplýsingar;
(8) heimasíðu eða QRZ.COM síðu og
(9) aðrar upplýsingar.

Viðburðurinn fór fyrst af stað innan Skotlands í ágúst 1993 undir nafninu „Northern Lighthouse Activity Weekend“ en þróaðist síðan að verða alþjóðlegur viðburður undir nafninu „*International Lighthouse / Lightship Weekend*“ og hefur verið haldinn sem slíkur frá 1998. Síðustu ár hafa yfir 500 tilgreind kallmerki verið starfrækt þessa helgi frá yfir 40 þjóðlöndum. TF1IRA tók þátt strax fyrsta árið frá Knarrarósvita. TF kallmerki hafa þannig tekið þátt árlega í tvo áratugi.

Þórður Adolfsson TF3DT tók þátt í vitahelginni í fyrra (2018) frá Malarrifi á Snæfellsnesi. Viti var fyrst reistur á þessum stað 1917 en núverandi viti var reistur 1946. Ljósmynd: TF3DT.



Fyrsta QSL kort ÍRA frá Knarrarósvita.

Þátttaka frá Íslandi 1998–2018 eftir vitum og kallmerkjum.

Viti	Kallmerki	Ár
Akranes	TF3DT	2016
Garðskagi	TF8IRA TF8RX TF7ØIRA	2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017 2001, 2003 2016
Knarrarós	TF3IRA/1 TF1IRA TF6ØIRA	1998 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2007, 2008, 2009, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018 2006
Malarrif	TF3DT TF3JA	2018 2018
Reykjanes	TF8RX	2000
Vatnsnes	TF8GX	2004

Íslenskir radíóamatörar; starfstímbilið 2019/20

Fundur nr. 1 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi 26. febrúar 2019 kl. 20:30.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnandi og TF1EIN varastjórn. TF3UA var fjarverandi.

1. Fundarsetning og dagskrá.

TF3JB, formaður, setti fund kl. 20:30 og lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá (ásamt fundargögnum) sem var samþykkt samhljóða. Jónas bauð viðstadda nýja stjórnarmenn velkomna til starfa, þá Guðmund Sigurðsson, TF3GS; Jón Björnsson, TF3PW og Heimi Konráðsson, TF1EIN.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Skipun í embætti í nýrri stjórn.
3. Innkomin/útsend erindi.
   - 27.1.2019 Svar við fyrirspurn TF1CB dags. 13.8.2018 frá PFS dags. 8.1.2019.
   - 30.1.2019 Erindi ÍRA til þess sem málið varðar (túlkun ÍRA á 68. gr. fjarskiptalaga í ljósi svars PFS að ofan).
   - 11.2.2019 Erindi ÍRA til PFS vegna truflana á 3566 kHz.
   - 22.2.2019 Erindi PFS til ÍRA vegna framlengingar á heimild á 1850-2000 kHz í alþjóðlegum keppnum 2019.
4. Samskipti stjórnar, þ.m.t. fyrirkomulag verkefna, netsamskipti og fundartími stjórnarfunda.
5. Aðalfundur 2019; uppkast að fundargerð lögð fram.
6. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga.
7. Starfsáætlun 2019/20; umfjöllun/undirbúningur.
8. CQ TF, útgáfuáætlun 2019/20 lögð fram til samþykktar.
9. Önnur mál.
   a) Uppkast að erindi til PFS vegna truflana frá ónotuðum VDSL flutningslínum.
   b) Umsókn um félagsaðild.
   c) Hugmynd um sölu tækja og búnaðar í eigu félagsins.
10. Næsti fundur stjórnar.
11. Fundarslit.

2. Skipun í embætti í nýrri stjórn.

Gengið frá skipan í embætti nýrrar stjórnar starfsárið 2019/20: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnandi, TF1EIN varastjórn og TF3UA varastjórn.

3. Innkomin/útsend erindi.

- 27.1.2019: Svar við fyrirspurn TF1CB til PFS varðandi túlkun á heimildum til að setja upp loftnet.
- 30.1.2019: Erindi ÍRA um túlkun á 68. gr. fjarskiptalaga.
- 11.2.2019: Erindi ÍRA til PFS vegna truflana á 3566 kHz.
- 22.2.2019: Erindi til PFS til ÍRA vegna framlengingar á heimild á 1850-2000 kHz í tilgreindum alþjóðlegum keppnum.

4. Samskipti stjórnar, þ.m.t. fyrirkomulag verkefna, netsamskipti og fundartími stjórnarfunda.

Formaður, TF3JB, gerði tillögu um þriðjudaga sem fundardag fyrir stjórnarfundi, kl. 20:00. Skýrði fyrirkomulag þess hluta samskipta stjórnarmanna og upplýsingastreymis sem fara fram á netinu til undirbúnings og lagði til óbreytt fyrirkomulag. Ræddi ennfremur æskilega viðveru stjórnarmanna á opnunarkvöldum og að stjórnarmenn skiptist á, ef svo ber undir. Rætt um lyklamál en fimm sett af húslyklum eru til ráðstöfunar. Þar af eitt í vörslu TF3MH, umsjónarmanns húsnæðis og QSL stjóra.

5. Aðalfundur 2019; uppkast að fundargerð lögð fram.

Formaður, TF3JB, lagði fram uppkast að fundargerð aðalfundar 2019 frá TF3UA, sem var kjörinn var ritari aðalfundar og vísaði í fundargögn í fundarmöppu (sem lögð fyrir hvern og einn fundarmanna).

6. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga.

Skipan embættismanna er að stærstum hluta óbreytt, enda hafði formaður, TF3JB, haft samband við flesta þeirra um að halda áfram. Hann lagði til að TF3KB yrði skipaður IARU/NRAU tengiliður félagsins. Umræður urðu um málið en síðan var tillaga formanns samþykkt samhljóða.

7. Starfsáætlun 2019/20; umfjöllun/undirbúningur.

Varaformaður, TF3DC, sýndi stjórnarmönnum og fór yfir áætlun síðasta starfsárs og helstu liði hennar og skýrði. Stefnt er að því að drög að starfsáætlun liggi fyrir sem fyrst, með aðkomu nýrra manna í stjórn með hugmyndir og áherslur. Starfsáætlun og samantekt hennar er á verksviði varaformanns samkvæmt lögum félagsins.

8. CQ TF, útgáfuáætlun 2019/20 lögð fram til samþykktar.

Útgáfuáætlun CQ TF lögð fram og samþykkt. Miðað er við útgáfu fjögurra tölublaða á starfsárinu 2019/20 líkt og var á fyrra stjórnarári. Menn staðfestu að áfram yrðu prentuð 25 eintök, sem m.a. gætu legið frammi í félagsaðstöðunni og væru nýtt til kynningar á áhugamálinu, m.a. tengt námskeiðshaldi.

9. Önnur mál.

a) Formaður, TF3JB, lagði fram uppkast að erindi til PFS vegna truflana frá ónotuðum VDSL flutningslínum. Samþykkt að vísa til samráðs við EMC nefnd.

b) Bergur Axelsson, TF3BX, samþykktur sem nýr félagsmaður.

c) Hugmynd að sölu tækja og búnaðar í eigu félagsins. Eftirfarandi er til athugunar hjá stjórn: Yaesu FT-1000MP 100W HF+50 MHz stöð; SteppIR 3E Yagi loftnet fyrir 10-20m, SteppIR BigIR stangarloftnet fyrir 6-80m, Fritzel FB 34 Yagi loftnet fyrir 10-20m, auk 1 elements fyrir 40m; „gamli“ turninn (sem tekinn var niður 25.11.2018). Formaður bað stjórnarmenn að hugsa málið á milli funda og lagði áherslu á opið söluferli og jafnræði félaganna gagnvart kaupum á hlutum í eigu félagsins.

10. Næsti fundur stjórnar.

Samþykkt að efnt skuli til næsta stjórnarfundar þriðjudaginn 26. mars n.k.

11. Fundarslit.

Fundi var slitið kl. 22:15.

TF3DC, fundarritari.

Íslenskir radíóamatörar; starfsárið 2019/20
Fundur nr. 2 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi 26. mars 2019 kl. 20:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnandi og TF1EIN varastjórn. TF3UA var staddur erlendis.

1. Fundarsetning og dagskrá.

TF3JB, formaður, setti fund kl. 20:06 og lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá (ásamt fundargögnum) sem var samþykkt með smávægilegri breytingu formanns frá útsendri dagskrá.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 8. fundar 2018/19; stjórnarskiptafundar frá 26. febrúar lögð fram.
3. Fundargerð 1. Fundar 2019/20; frá 26. febrúar lögð fram.
4. Innkomin / útsend erindi.
   - 27.2.2019 Sent erindi ÍRA til ÖVSV með tilkynningu um fulltrúa félagsins á Interim fundi í IARU Svæði 1 helgina 27.-28.4. n.k.
   - 28.2.2019 Sent erindi ÍRA til PFS um VSDL mál sbr. samþykkt á 1. stjórnarfundi 26.2.2019.
   - 28.2.2019 Mótt. erindi frá OH2LAK/TF3EY með hugleiðingum um búnað félagsstöðvarinnar; sent til TF1A, TF2WIN og TF3JB.
   - 28.2.2019 Sent erindi ÍRA til OH2LAK/TF3EY vegna hugleiðinga hans um búnað TF3IRA.
   - 01.3.2019 Mótt. erindi frá TF1MT vegna APRS mála. Svör skráð 1. og 3. mars og máli vísað til VHF stjóra.
   - 03.3.2019 Sent erindi til PFS með tilkynningu um nýja stjórn ÍRA.
   - 03.3.2019 Sent erindi til IARU með tilkynningu um nýja stjórn ÍRA og tengilið gagnvart samtökunum.
   - 03.3.2019 Sent erindi til IARU Svæðis 1 með tilkynningu um nýja stjórn ÍRA.
   - 03.3.2019 Sent erindi til IARU Svæðis 1 með tilkynningu um tengilið gagnvart samtökunum.
   - 03.3.2019 Sent erindi til NRAU með tilkynningu um nýja stjórn ÍRA.
   - 07.3.2019 Mótt. erindi frá PFS; framsent svar Mílu til PFS vegna VDSL erindis ÍRA til PFS 26.2.2019.
   - 08./9.3.19 Mótt. og sent erindi frá og til PFS v/VDSL erindis; afrit sent á formann EMC nefndar félagsins.
   - 11.3.2019 Sent uppkast að kynningarefni á stjórnarmenn til umsagnar.
   - 14.3.2019 Mótt. staðfesting frá Fyrirtækjaskrá RSK um skráningu nýrrar stjórnar ÍRA.
   - 21.2.2019 Mótt. staðfesting frá IARU um viðtöku atkvæðisseðla ÍRA sbr. samþykkt á 7. fundi 16.1.2019.
   - 23.2.2019 Sent erindi til IARU Svæðis 1 með upplýsingum um nýja skipan EMCOMM fulltrúa ÍRA.
   - 23.3.2019 Mótt. erindi frá ISNIC um skráningu ira.is.
   - 25.3.2019 Áframsent erindi ISNIC til vefstjóra félagsins til afgreiðslu.
5. Afgreiðsla útistandandi mála frá fyrri stjórn.

6. Innheimta félagsgjalda skv. 8. grein félagslaga.
7. Önnur málefni stjórnar, þ.m.t. fyrirkomulag verkefna.
8. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga, seinni hluti.
9. Starfsáætlun 2019/20; framhaldsumræða.
10. Heimsóknir á heimasíðu eftir málaflokkum; fyrstu niðurstöður.
11. CQ TF, 2. tbl. 2019; 31. mars n.k.
12. Fundur í IARU Svæði 1 í Austurríki 26.-28. apríl.
13. „Nordics On The Air“ NOTA-viðburðurinn í Finnlandi 19.-22. apríl.
14. Félagsstöðin, fyrirkomulag í fjarskiptaherbergi og loftnet.
15. Önnur mál.
    a) Gjöf til félagsins frá TF3NA þann 6. mars s.l.
    b) Kaup á búnaði í fundarsal; þráðlaus hljóðnemi & hátalari.
    c) Kaup á búnaði í fjarskiptaherbergi.
    d) Hugmynd um sölu tækja og búnaðar í eigu félagsins.
    e) Páskaleikar ÍRA 21.-22. apríl n.k.
    f) Samráðsfundur stjórnar með vefstjóra fimmtudag 28. mars kl. 17:00.
    g) Sýnd gögn sem nýir félagar í RSGB fá send.
16. Næsti fundur stjórnar.
17. Fundarslit.

2. Fundargerð 8. fundar 2018/19; stjórnarskiptafundar frá 26. febrúar lögð fram.

Fundargerð stjórnarskiptafundar nr. 8 2018/19 samþykkt án athugasemda.

3. Fundargerð 1. fundar 2019/20; frá 26. febrúar lögð fram.

Fundargerð 1. fundar nýrrar stjórnar frá 26. febrúar samþykkt án athugasemda.

4. Innkomin / útsend erindi.

Formaður TF3JB fór yfir móttekin / útsend erindi á milli stjórnarfunda og afgreiðslu þeirra. Jónas fór yfir einstök erindi og skýrði og svaraði spurningum stjórnarmanna.

5. Afgreiðsla útistandandi mála frá fyrri stjórn.

Formaður TF3JB fór yfir stöðu útistandandi mála frá fyrri stjórn, samanber síðustu fundargerð – en þau eru áfram til vinnslu hjá stjórn.

6. Innheimta félagsgjalda skv. 8. grein félagslaga.

Innheimta félagsgjalda er í undirbúningi, en gjaldkera, TF3PW, vantar gögn. Málið skýrðist að hluta á stjórnarfundinum með aðgangi að upplýsingum í heimabanka félagssjóðs.

7. Önnur málefni stjórnar, þ.m.t. fyrirkomulag verkefna.

Rætt um fyrirkomulag verkefna og verkaskiptingu stjórnar.

8. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga, seinni hluti.

Málinu frestað að ósk formanns TF3JB.

9. Starfsáætlun 2019/20; framhaldsumræða.

Varaformaður TF3DC lagði fram og fór yfir drög að starfsáætlun stjórnar. Drögin höfðu áður verið send sérstaklega til nýrra (og ferskra) stjórnarmanna. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Tillaga um frekara kynningarstarf almenn um áhugamálið – en ennfremur frekari áhersla á YOTA ungmennaverkefnið – sem síðasta stjórn kom á dagskrá. Hér er m.a. átt við skipun TF2EQ í embætti ungmennafulltrúa ÍRA, heimsóknir radióskáta í félagsaðstöðuna o.fl.

10. Heimsóknir á heimasíðu eftir málaflokkum; fyrstu niðurstöður.

Varaformaður TF3DC lagði fram yfirlit yfir „fyrstu tölur“ af brölti sínu og áhuga um teljara á heimasíðu félagsins. Úr yfirlitinu mátti lesa heildarfjölda heimsókna á heimasíðu fyrir síðustu 12 mánuði en einnig heimsóknir á einstaka undirflokka á heimasíðu. Ef marka má tölurnar eru heimsóknir á heimasíðuna um 50 á dag, að jafnaði. Ákveðið var að nota tækifærið og fara yfir yfirlitið og öryggi talningar á fundi með vefstjóra TF3WZ, sem boðaður hefur verið til fundar síðar í vikunni.

11. CQ TF, 2. tbl. 2019; 31. mars n.k.

Formaður TF3JB greindi frá að útgáfa 2. tölublaðs CQ TF muni standast útgáfuáætlun og kemur blaðið út á PDF formi á heimasíðu sunnudaginn 31. mars. Í framhaldi er gert ráð fyrir prentun 25 eintaka blaðsins líkt og var á síðasta stjórnarári, samanber samþykkt nýrrar stjórnar. Formaður greindi frá óformlegum fundi hans og varaformanns TF3DC, með ritstjóra TF3SB og umbrotsmanni TF3VS, þar sem þeim voru þökkuð góð störf.

12. Fundur í IARU Svæði-1 26.-28. apríl.

Rætt um fund í IARU Svæði 1 í Vín í Austurríki í lok apríl. ÍRA hefur ekki haft forsendur í gegnum tíðina að sækja „Interim“ fundi (millifundi) í Svæði 1. Formaður TF3JB greindi frá því að IARU/NRAU tengiliður félagsins hafi sýnt áhuga á að sækja fund-

inn á eigin kostnað og hafi hann samþykkt þá málaleitan fyrir hönd stjórnar.

13. „Nordics On The Air“ NOTA-viðburðurinn í Finnlandi 19.-22. apríl.

„Nordics On The Air“ ungmennaviðburðurinn verður haldinn á vegum IARU Svæðis 1 og í umsjón SRAL í Finnlandi um páskahelgina. Samþykkt að stuðla að því að ungmennafulltrúa ÍRA, Elín TF2EQ, geti sótt viðburðinn. Áætlaður beinn kostnaður félagssjóðs nemur 45 þúsund krónum.

14. Félagsstöðin, fyrirkomulag í fjarskiptaherbergi og loftnet.

Rætt um félagsstöðina TF3IRA. Meðstjórnandi TF3GS spurði um heildstæða hönnun (*e. layout*) fyrir fjarskiptaherbergið. Formaður TF3JB skýrði frá hugmyndum og tillögum (í vinnslu), m.a. frá félagmönnum í þessu sambandi. Umræður fóru fram, m.a. um að standa skipulega að málum þar sem gengið verði m.a. út frá að gera starfrækt fleiri en eina HF fjarskiptastöð samtímis.

15. Önnur mál.

a) Gjöf til félagsins frá TF3NA þann 6. mars s.l.

Formaður TF3JB skýrði og þakkaði gjöf TF3NA til félagsins. 25 Stacco stólar á tilheyrandi flutningsgrind bárust félaginu að gjöf líkt og „himnasending“ þann 6. mars síðastliðinn. Sérstakar þakkir voru bókaðar til TF3NA í nafni félagsins.

b) Kaup á búnaði í fundarsal; þráðlaus hljóðnemi & hátalari.

Samþykkt að fela gjaldkera TF3PW kaup á hátalara og tilheyrandi búnaðar til nota í fundarsal.

c) Kaup á búnaði í fjarskiptaherbergi.

Varaformanni TF3DC falið að annast nauðsynleg kaup á efni (í samráði við stjórn) vegna uppsetningar á Hustler stangarloftneti í eigu félagsins. Ennfremur heyrnartól með hljóðnema til notkunar í fjarskiptaherbergi, endafædd loftnet fyrir félagsstöðina og ennfremur aðlögunarspenna til notkunar á námskeiðinu „fyrstu skrefin“.

d) Hugmynd um sölu tækja og búnaðar í eigu félagsins.

Samþykkt að heimila sölu á Yaesu FT-1000 HF stöð félagsins, SteppIR BigIR stangarloftneti og SteppIR 3E Yagi loftneti ásamt tilheyrandi búnaði. Ákveðið að falla frá sölu á gamla turninum sem tekinn var niður í nóvember s.l.

e) Páskaleikar ÍRA 21.-22. apríl n.k.

Rætt um páskaleikana og mikilvægt framlag Hrafnkels TF8KY í því sambandi. Ennfremur rætt um viðurkenningar og verðlaun.

f) Samráðsfundur stjórnar með vefstjóra fimmtudag 28. mars kl. 17:00.

Samráðsfundur verður haldinn með stjórnarmönnum (sem eru viðlátnir) fimmtudaginn 28. mars kl. 17 í Skeljanesi. Til umræðu m.a. Google mail o.fl., vefsíða, gagnavarsla, norræn blöð og aðgangsmál. Skipulag tölvumála í fjarskiptaaðstöðu og öryggismál tölvukerfa félagsins almennt.

g) Sýnd gögn sem nýir félagar í RSGB fá send.

Formaður TF3JB sýndi handbók og önnur gögn sem nýir félagar í RSGB fá send þegar þeir ganga frá greiðslu félagsgjalds. Umræður og hugmyndaflug, m.a. tengt Ávarpsbréfi ÍRA til nýrra félaga og nýju Kynningarefni sem er í vinnslu hjá stjórn sem hugsað almennt til kynningar á áhugamálinu ásamt því að upplýsingar um ÍRA eru fléttaðar þar inn. Kynningarefnið er hugsað á svipuðu formi og ávarpsbréfið, þ.e. ein opna (fjórar A4 blaðsíður), prentaðar í lit.

16. Næsti fundur stjórnar.

Stefnt er að boðun næsta fundar stjórnarinnar um mánaðarmótin apríl/maí n.k.

17. Fundarslit.

Fundi slitið kl. 22:20.

Fundarritari, TF3DC.

RSGB, landsfélag breskra radíóamatöra, gaf út í apríl á þessu ári, bók með leiðbeiningum um notkun Icom IC-7300 stöðvarinnar. Höfundur er Andrew Barron, ZL3DW.

Vakin er athygli á útkomu bókarinnar á þessum vettvangi í ljósi þess, að a.m.k. 70 eintök stöðvarinnar eru þegar í notkun hjá íslenskum leyfishöfum en stöðin hefur verið mest selda HF amatörstöðin í heimi frá því hún kom fyrst á markað í apríl 2016.

Bókin er alls 156 bls. að stærð og skiptist í 20 kafla. Og eins og höfundur segir í inngangi, þá setur hann efnið fram á aðgengilegan hátt út frá notkun tækisins. Bókinni er hrósað á netinu og er auðvelt að finna vefslóðir á Google og fleiri leitarvélum.

Hún er m.a. seld á Amazon á $13.55 í pappírskilju og $9.44 fyrir Kindle notkun.

Helstu DX keppnir 2019; ágúst-október

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu DX keppnir á tímabilinu ágúst til október 2019. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér. Eftirfarandi vefsíður eru með nánari upplýsingar, auk þess sem hver keppni er með eigin heimasíðu á netinu.

Vefslóðir:
http://contestcalendar.com og
http://sk3bg.se/contest/index.htm

DAGSETN.	TÍMI	HEITI KEPPNI	MÓTUN	BÖND	SKILABOÐ
		ÁGÚST			
3. ágúst	12:00-23:59	European HF Championship	CW/SSB	160-10M	RS(T) + 2 stafa númer[1)]
10.-11. ágúst	00:00-23:59	Worked All Europe Contest, *CW*	CW	80-10M	RS(T) + raðnúmer
17.-18. ágúst	00:00-15:59	SARTG WW RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
24.-25. ágúst	12:00-11:59	YO DX Contest	SSB/CW	80-10M	RS(T) + raðnúmer
		SEPTEMBER			
14.-15. sept.	00:00-23:59	All Asian DX Contest, *SSB*	SSB	80-10M	RS + raðnúmer
14.-15. sept.	12:00-11:59	Worked All Europe Contest *SSB*	SSB	80-10M	RS + raðnúmer
21.-22. sept.	12:00-11:59	Scandinavian Activity Cont. *CW*	CW	80-10M	RST + raðnúmer
28.-29. sept.	10:00-23:59	CQ WW DX Contest, *RTTY*	RTTY	80-10M	RST + CQ svæði (40)
		OKTÓBER			
5.-6. október	08:00-07:59	Oceania DX Contest, SSB	SSB	160-10M	RS + raðnúmer
12.-13. okt.	08:00-07:59	Oceania DX Contest, CW	CW	160-10M	RST + raðnúmer
12.-13. okt.	12:00-11:59	Scandinavian Activity Cont. SSB	SSB	80-10M	RS + raðnúmer
19.-20. okt.	15:00-14:59	Worked All Germany Contest	CW/SSB	80-10M	RS(T) + raðnúmer
26.-27. okt.	00:00-23:59	CQ WW DX Contest, SSB	SSB	160-10M	RS + CQ svæði (40)

[1)] *Í þessari 12 klst. keppni eru skilaboðin RS(T) + tveir tölustafir fyrir árið sem leyfisbréf keppanda var fyrst gefið út.*

Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX og Guðrún Hannesdóttir, TF3GD voru QRV frá Hawaii 24.-30. september 2011. Skilyrði á HF voru afleit á þessum tíma. Til gamans er hér birtur tölvupóstur frá Villa sem hann sendi inn á póstlista Í.R.A. þann 30. september 2011.

Sælt veri fólkið! Var að í morgun (ykkar kvöld) kl. 17:55 - 18:25. HEYRÐI LOKS TF3Y !!!! Kl. 18:09 komu einhverjir „flutter“ toppar upp úr suðinu með takti sem ég fljótlega þekkti sem TF3Y. Allra best 219 um stund (2svar i 10 sek eða svo). Gat ekki greint hvað Yngvi var að segja, kalla mig eða jafnvel í QSOi við einhvern til að vita hvort sá heyrði mig. Fannst kannski það síðast nefnda.

K-stuðull var orðinn lágur þegar ég „tjekkaði“ síðast. Hissa hvað böndin geta verið dauð hérna þar sem jónahvolfið á að vera, eins og sterk „Sky wave“ er stundum hér frá 20 m vitanum Honolulu vitnar um, verulega þéttara en hjá okkur í TF. Man sömu upplifun í ZL um „dauð bönd“. Reyndar hef ég óteljandi sinnum reytt hár mitt í OC keppninni yfir því hvað góð jafndægurskilyrði haustsins eru oft snardottin niður þessar fyrstu helgar í október.

Í nótt átti ég stutt erindi að vanda á „CW aftur á bak“ og kveikti stutta stund. Hafði þá JA á 80 m með þessum 4 W og „proverbial“ TF LW 559 báðar leiðir. Slagar líklega upp í 2/3 af fjarlægðinni til TF? NW QRT uns heima aftur. Ein nótt í SF fyrst.

73, es vy mni tnx fyrir allan áhugann og fyrirhöfn !!! Villi, KH6/TF3DX.

DXCC heildarstaða TF stöðva 6. júní 2019

Kallmerkjum er raðað eftir DXCC MIXED [1 2 4]
TF3Y er einn íslenskra leyfishafa með skráningu á heiðurslista; DXCC HONOR ROLL, MIXED.
TF4M hefur flestar einstakar DXCC viðurkenningar (14 af 19).[3]
TF3DC, TF3JB, TF3Y og TF4M eru handhafar 5 Banda DXCC.[4]
TF3DC, TF3JB, TF4M, TF5B og TF8GX eru handhafar DXCC Challenge.

#	Kallmerki	DXCC Mixed	DXCC Phone	DXCC CW	DXCC Digital	DXCC 160m	DXCC 80m	DXCC 40m	DXCC 30m	DXCC 20m	DXCC 17m	DXCC 15m	DXCC 12m	DXCC 10m	DXCC Challenge	DXCC Honor Roll Mixed
1.	TF3Y	344	-	317	1221	-	-	-	128	-	115	-	110	-	-	344
2.	TF4M	315	236	299	107	235	131	170	133	248	131	158	130	137	1656	-
3.	TF3DC	310	-	297	147	-	-	-	182	-	224	-	204	212	1656	-
4.	TF8GX	309	290	239	-	-	-	130	-	275	132	215	110	187	1313	-
5.	TF5B	294	283	-	205	-	-	130	122	276	126	214	101	135	1160	-
6.	TF2LL	267	-	-	-	-	-	163	-	219	139	166	-	118	-	-
7.	TF3JB	253	177	235	117	-	101	119	132	229	172	146	142	117	1266	-
8.	TF3SG	239	155	225	-	126	220	181	-	-	-	-	-	-	-	-
9.	TF3IRA	213	179	179	100	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
10.	TF3G	186	133	138	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
11.	TF1A	167	143	-	144	-	-	104	109	138	114	104	-	-	-	-
12.	TF3DT	162	126	-	134	-	101	117	-	117	-	-	-	-	-	-
13.	TF3EK	116	-	-	114	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
14.	TF3MH	114	-	-	100	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
TF kallmerki með óvirka DXCC skráningu:[2]																
15.	TF3SV	349	Óvirk skráning (hljóðnaður lykill).													
16.	TF3IM	226	Óvirk skráning.													
17.	TF2WLC	106	Óvirk skráning. (Skýring: Varnarliðsmaður; a.m.k. QRV árið 1968 [f.ár 1946]. Núverandi kallmerki: K4WS).													

1 Miðast við TF kallmerki með virka skráningu (Heimild: ARRL).

2 Virk skráning: Að leyfishafi hafi uppfært DXCC-stöðu sína a.m.k. einu sinni eftir 1.1.1994.

3 Ekkert TF kallmerki er enn skráð fyrir DXCC viðurkenningu fyrir sambönd um gervitungl, á 6 metrum, 2 metrum og 70 sentímetrum.

4 Leyfishafar hljóta ekki sjálfvirkt, eins bands skráningu [á 10, 15, 20, 40 og 80 metrum] þótt þeir sæki um 5BDXCC; sérstaklega þarf að sækja um (og greiða fyrir) hvert eins bands DXCC skjal.